

Yfirlitsskýrsla

Sendiráðs Íslands í Brussel



Seinni hluti árs 2013

Efnisyfirlit

EFNISYFIRLIT	2
INNGANGUR	4
ALMENNT UM STARFSEMI SENDIRÁÐSINS	4
STARFSMANNABREYTINGAR	4
UPPLÝSINGAMIDLUN.....	5
BORGARADJÓNUSTA.....	5
HEIMSÓKNIR OG FUNDIR	5
EES-SAMNINGURINN	6
SAMÞYKKT LÖGGJÖF SEM FELLUR AÐ HLUTA EÐA AÐ ÖLLU LEYTI UNDIR EES SAMNINGINN	8
Auknar öryggiskröfur á lækningatæki.....	8
Reglur um vinnuálag flugmanna.	8
Skilyrði um gagnsæi í verðbréfavíðskiptum.	8
Nýjar reglur um leyfilega geislavirkni í vatni.	8
Sameiginlegt bankaeftirlitskerfi.	8
COSME samþykkt.....	9
ERASMUS + samþykkt.	9
Creative Europe samþykkt.	9
Reglur/Tilskipun um gagnkvæma viðukenningu starfsréttinda uppfærðar.....	9
LÖGGJÖF SEM ER Í UNDIRBÚNINGI OG FELLUR AÐ HLUTA EÐA ÖLLU LEYTI UNDIR EES SAMNINGINN.	10
Viðmiðunarreglur fyrir gögn frá opinberum fyrirtækjum og stofnunum.	10
Reglur um húsnæðislán.	10
Sameiginlegur fjarskiptamarkaður.	10
Ný umhverfismatslög.	11
Endurbætur á gagnaverndarlögum.	11
Reglur til að draga úr notkun plastpoka.	11
Leyfi til ræktunar erfðabreytts maís.	11
Sjómenn öðlist sömu réttindi og launafólk á landi.....	11
Reglur um kynjajafnrétti í stjórn fyrirtækja.	11
Viðbótarlífeyrisréttindi færast á milli ríkja.	11
Tillaga um reglur gegn stuldi á viðskiptaleyndarmálum.....	12
Skil á ólöglega fengnum menningarverðmætum.....	12
SAMÞYKKT LÖGGJÖF SEM FELLUR UTAN EES SAMNINGSINS.....	13
Tilskipun um árásir á tölvukerfi.	13
Réttur til lögfræðiaðstoðar.	13
EUROSUR.	13
LÖGGJÖF Í UNDIRBÚNINGI SEM FELLUR UTAN EES SAMNINGSINS	13
Harðari refsingar við braski.....	13
Nútímavæðing tollamála.	14
Átak gegn „löglegum“ vímugjöfum.	14
ESB gerir átak varðandi millibankavexti.	14
Strangari reglur um vegabréfsáritanir.	14
Nýja sjávarútvegsstefnan.....	14
Réttur til sanngjarnra réttarhalda styrktur.	14
ÖNNUR MÁL UTAN EES SAMNINGSINS	15
Fríverslunarsamningur ESB og Singapúr.....	15
Fjárfestingasamningur ESB og Kína.	15
Fríverslunarsamningur Kanada og ESB samþykktur.	15
Fjárlagagati lokað.	15

Breytingar í peningamálastefnu.....	15
SCHENGEN	16
UTANRÍKISMÁL OG ESB	18
FUNDIR UTANRÍKISRÁÐHERRA ESB	18
Nágrannar í Austri	18
Mið-Afríkulyðveldið	18
Friðarumleitarnir í Mið-Austurlöndum	19
Sýrland	19
Líbía.....	19
Myanmar/Búrma	19
Afríka	19
SAMSKIPTI VIÐ EVRÓPUÞINGIÐ	19
FORMENNSKURÍKI ESB	20
LITHÁEN 1. JÚLÍ – 31. DESEMBER 2013	20
GRIKKLAND 1. JANÚAR – 30. JÚNÍ 2014	21
LEIÐTOGAFUNDIR ESB	21
EFST Á BAUGI Á EVRÓPUÞINGINU	22
Innri málefni ESB.....	22
Formennska ESB.....	22
Efnahagsmál	23
Fjárlög ESB	23
Landbúnaður og byggðamál.....	23
Sjávaútvegsstefna ESB.....	23
Mannréttindi, alþjóða- og þróunarmál	24
MENNINGARMÁL.....	24
ÞETTA HELST	25
ENDURSKOÐUN LANDBÚNAÐARSTEFNU ESB.....	25
ENDURSKOÐUN SJÁVARÚTVEGSSTEFNU ESB.....	26
SAMSTARFSSAMNINGUR VIÐ NÁGRANNARÍKIN Í AUSTRI	27
AÐILD KRÓATÍU AÐ ESB	28
MÁLEFNI SÝRLANDS OG EGYPTALANDS	28
BANKABANDALAG (SRM)	29
FJÁRLÖG ESB 2014-2020	30
KOSNINGABARÁTTA TIL EVRÓPUÞINGSINS HAFIN	31
FRÍVERSLUNARVIÐRÆÐUR VIÐ BANDARÍKIN	31
FRÍVERSLUNARSAMNINGUR VIÐ KANADA	32
FRAMTÍÐARSAMBAND ÖRRÍKJA OG ESB	32

Inngangur

Almennt um starfsemi sendiráðsins

Meginhlutverk sendiráðs Íslands í Brussel er að sinna rekstri EES samningsins í samstarfi við fastanefndir Noregs og Liechtenstein, stofnanir EES og Evrópusambandið. Sendiráðið sinnir virkri hagsmunagæslu gagnvart ESB auk þess að eiga í margvíslegu samstarfi og samráði við skrifstofu sambandsins á ýmsum málefnasviðum, innan sem utan EES samstarfsins. Auk þess gegnir sendiráðið hefðbundnum störfum gagnvart umdæmisríkjunum, Belgíu, Hollandi, Lúxemborg, Sviss og San Marínó og veitir þjónustu þeim Íslendingum sem þar eru búsettir auk íslenskra ferðamanna sem leið eiga um og þurfa á aðstoð að halda.

Rekstur EES og Schengen samninganna fer fram í nánú samstarfi við ráðuneyti og stofnanir á Íslandi, en formlegur rekstur EESsamningsins fer að mestu fram á vettvangi fastanefndar EFTA, sameiginlegu nefndar EES, eftirlitsstofnunar EFTA (ESA), EFTA dómstólsins í Lúxemborg og á skrifstofu EFTA í Brussel. Ísland gegndi formennsku í EES samstarfinu á síðari hluta ársins 2013, en því fylgir aukið álag vegna undirbúnings funda og skipulagsvinnu sem fellur í hlut formennskuríkisins á hverjum tíma. Íslenskir sérfræðingar taka þátt í fundum sérfræðinganeftanda EFTA og nokkrum þeirra fjölmörgu vinnunefnda framkvæmdastjórnar ESB þar sem fjallað um málefni innan ramma EES samningsins. Sendiráðið kappkostar að veita þessum sérfræðingum stuðning og hefur aðkomu að undirbúningi funda og fundarsetu þegar þörf krefur.

Aðild Íslands að EES veitir aðgang að miklum fjölda sérfræðinga- og samráðsnefnda sem gegna mikilvægu hlutverki við undirbúning og mótnun löggjafar sem framkvæmdastjórn ESB vinnur að. Fulltrúar Íslands hafa þó ekki atkvæðisrétt á slíkum fundum en geta tryggt að íslensk sjónarmið og hagsmunir komist á framfæri. Einnig hefur Ísland aðgang að stjórnarnefndum á vettvangi rannsókna og þróunar innan þeirra áætlana sem Ísland tekur þátt í.

Aðkoma sendiráðsins að rekstri Schengen samningsins var með hefðbundnum hætti, en formlegur rekstur hans fer fyrst og fremst fram á vettvangi samsettu nefndarinnar (COMIX) og sérfræðinganeftanda hennar.

Í EES samstarfinu var, líkt og á fyrri helmingi ársins, unnið að því að finna leiðir til að draga úr fjölda ESB gerða sem ekki hafa verið teknar upp í EES samninginn og með hvaða hætti megi haga upptöku gerða sem fela í sér framsal valdheimilda til ESB umfram það sem stjórnarskrár EES ríkjanna heimila. EFTA skrifstofan, í samráði við EES ríkin, vann á tímabilinu að mótnun nýrra verkferla, sem flýta eiga afgreiðslu og upptöku gerða og þar með draga úr þeim fjölda sem nú er útistandandi. Gert er ráð fyrir að tillögur þessar verði kynntar á vormánuðum 2014. Á tímabilinu voru 177 gerðir teknar upp í EES samninginn, heldur færri en á fyrri helmingi ársins en jafnframt fjölgaði útistandandi gerðum nokkuð.

Starfsmannabreytingar

Á haustmánuðum lét Guðjón S. Tryggvason af störfum í sendiráðinu þar sem hann fékk leyfi frá störfum í utanríkisþjónustunni og tók til starfa á skrifstofu Uppbyggingarsjóðs EFTA hér í Brussel. Við störfum hans tók tímabundið Jón Gunnarsson sem áður hefur starfað á aðalskrifstofu utanríkisráðuneytisins og á skrifstofu EFTA í Brussel. Í lok árs lauk starfstíma

Halldórs Bergs Harðarsonar starfsnema, en hann starfar þó enn innan utanríkisþjónustunnar, nú í sendiráði Íslands í Kaupmannahöfn.

Upplýsingamiðlun

Í samræmi við stefnu utanríkisráðuneytisins um aukna miðlun upplýsinga um störf utanríkisþjónustunnar opnaði sendiráðið Facebook síðu á haustmánuðum. Þar eru birtar upplýsingar um helstu störf sendiráðsins auk þess sem þar er miðlað upplýsingum um ýmsa viðburði sem tengjast Íslandi og Íslendingum í umdæmisríkjum sendiráðsins. Þessi nýbreytni hefur mælst vel fyrir og er góð viðbót við þá samfélagsmiðla sem sendiráðið hefur nýtt sér til þessa. Síðan að sendiráðið opnaði Facebook reikning sinn í nóvember hefur síðan safnað 227 fylgjendum sem er nokkurn veginn í samræmi við tölur annara sendiráða. Áfram en unnið með Twitter, en sá miðill er fyrst og fremst hugsaður fyrir erlenda notendur sem hafa áhuga á Íslandi. Lögð er áhersla á að nýta Twitter til að koma út skilaboðum er varða stefnumál stjórnvalda og efnahagsmál auk menningarmála. Undanfarið hefur fylgjendum fjölgað nokkuð og eru nú um 712 notendur sem fylgja sendiráðinu á Twitter.

Borgarþjónusta

Sem fyrr var þjónusta og aðstoð við íslenska ríkisborgara ríkur þáttur í starfsemi sendiráðsins. Kappkostað er að veita einstaklingum og fyrirtækjum góða og skjóta þjónustu, hvort sem um ræðir upplýsingamgjöf eða úrlausn vandamála sem upp kunna að koma. Starfsmenn sendiráðsins sinna m.a. útgáfu neyðarvegabréfa, framlengingu vegabréfa og tekið er á mótí umsóknum um ökuskírteini. Talsverður fjöldi Íslendinga býr í umdæmisríkjum sendiráðsins og erindin eru mörg og fjölbreytt eftir því. Ræðismenn Íslands sinna mikilvægu starfi í þágu íslenskra aðila sem þurfa á aðstoð að halda fjarri starfsstöð sendiráðsins og eiga þeir gott samstarf við sendiráðið.

Heimsóknir og fundir

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra var í Brussel dagana 15.-17. júlí. Ráðherrann hitti m.a. Herman Van Rompuy forseta ráðherraráðs ESB og José Manuel Barroso forseta framkvæmdastjórnar ESB. Forsætisráðherrann kynnti þessum forvígismönnum ESB ákvörðun ríkisstjórnar Íslands um að gera hlé á viðræðum Íslands um aðild að ESB. Auk þess átti ráðherrann fund með framkvæmdastjóra NATO Anders Fogh Rasmussen.

Þann 6. september kom hópur starfsmanna innanríkisráðuneytisins. Tekið var á mótí þeim í húsakynnum EFTA og störf sendiráðsins kynnt.

Um 40 kvenna hópur úr Félagi kvenna í atvinnulífi sótti Brussel heim dagana 19.-20. september. Starfsmenn sendiráðsins aðstoðuðu við skipulagningu ferðarinnar. Hópurinn hitti fulltrúa SA í Brussel, átti fund í Evrópuþinginu og í framkvæmdastjórn ESB, heimsótti EFTA skrifstofuna þar sem farið var yfir starfsemi EFTA auk þess sem fulltrúi Eftirlitsstofnunar EFTA hélt erindi. Sendiherra Íslands tók einnig á mótí hópnum og kynnti störf sendiráðsins.

Þann 4. október kom hópur starfsmanna Deloitte á Íslandi til Brussel, alls um 50 manns. Sendiráðið aðstoðaði við undirbúning ferðarinnar og Þórir Ibsen sendiherra sagði hópnum frá starfsemi sendiráðsins. Auk þess heimsóttu þau Evrópuþingið og hittu fulltrúa framkvæmdastjórnar ESB.

Laganemar frá Háskólanum í Reykjavík voru í námsferð í Brussel dagana 9.-10. október og fengu kynningu á starfsemi sendiráðsins.

Ragnheiður Elín Árnadóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, sótti Brussel heim þann 16. október sl. og átti m.a. fund með stjórn Eftirlitsstofnunar EFTA. Sigurður Ingi Jóhannsson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, sótti og Brussel heim 15. nóvember sl. og átti m.a. fund með stjórn ESA María Damanaki, sjávarútvegsstjóra framkvæmdastjórnar ESB og Tonio Borg, framkvæmdastjóra dýraheilbrigðis- og matvælamála ESB.

Utanríkisráðherra Gunnar Bragi Sveinsson stýrði EES ráðsfundi fyrir hönd EES/EFTA ríkjanna þann 19. nóvember. Ráðherrann sat jafnframt fundi með ráðgafanefnd EFTA og þingmannanefnd EFTA. Ennfremur tók ráðherra þátt í almennum stjórn málaumræðum milli ESB og EES/EFTA ríkjanna.

Eygló Harðardóttir félags- og húsnæðismálaráðherra, Hanna Birna Kristjánsdóttir innanríkisráðherra og Ragnheiður Elín Árnadóttir iðnaðar- og viðskiptaráðherra voru í Brussel dagana 26. – 28. nóvember. Ráðherrarnir áttu m.a. fundi með Eftirlitsstofnun EFTA auk þess þeir tveir fyrrnefndu tóku við jafnréttisverðlaunum fyrir Íslands hönd á ráðstefnunni „Konur á þingi“ sem haldin var í Evrópuþinginu.

Um 40 manna hópur frá félagi ungra sérfræðinga í alþjóðasamskiptum (Young Professionals in Foreign Policy) sótti sendiráðið heim þann 9. október. Sendiherrann tók á móti þeim og kynnti starfsemi sendiráðsins og meginatriði íslenskrar utanríkisstefnu.

Borgarstjórinn í Reykjavík, Jón Gnarr heimsótti Brussel 9.-10. desember ásamt föruneysi. Hann átti fundi með fulltrúum Svæðanefndar ESB, Fjárfestingabanka Evrópu og starfsólki Uppbyggingarsjóðs EFTA og EFTA skrifstofunnar m.a. til að ræða möguleg samstarfsverkefni. Auk þess hitti hann borgarstjórnann í Brussel og átti fund í sendiráði Íslands þar sem kynnt voru störf þess.

EES-samningurinn

Ísland var í formennsku fastanefndar EFTA og sameiginlegu EES nefndarinnar á síðari hluta árs 2013. Voru á því tímabili haldnir fjórir fundir og tók sameiginlega EES nefndin 177 gerðir ESB inn í EES samninginn.

Nú stendur yfir sameiginlegt átak EES/EFTA ríkjanna til þess að fækka gerðum sem eftir á að taka upp í EES samninginn. Í því sambandi hefur EFTA skrifstofan unnið að því að finna leiðir til þess að bæta fyrirkomulagið við upptöku gerða og hélt til þess fundi með fulltrúum hinna ýmsu ráðuneyta í EES/EFTA ríkjunum.

Sem formennskuríki í sameiginlegu EES nefndinni skipulagði Ísland, ásamt EFTA skrifstofunni, fund með lagadeild framkvæmdastjórnarinnar til að styrkja samstarfið við lagadeildina og greiða fyrir lausn á erfiðum málum.

Mikil vinna átti sér stað síðari hluta árs við samningaviðræður vegna stækkunar EES vegna aðildar Króatíu að ESB. Var samningurinn um stækkunina áritaður 20. desember sl. Auk þess var í haust hafinn undirbúningur fyrir samningaviðræður EES/EFTA ríkjanna og ESB um nýtt sjóðatímabil 2014-2019 fyrir uppbyggingarsjóð EFTA.

Haldinn var 40. fundur EES ráðsins í Brussel 19. nóvember sl. en slíkir fundir eru haldnir tvisvar á ári. Utanríkisráðherra Íslands, Gunnar Bragi Sveinsson, stýrði fundinum þar sem Ísland var í formennsku sameiginlegu EES nefndarinnar og fastanefndar EFTA. Einnig sóttu fundinn Aurelia Frick, utanríkisráðherra Liechtenstein, Vidar Helgasen Evrópumálaráðherra Noregs, fulltrúar sendiráða Íslands, Liechtenstein og Noregs og fulltrúar frá ESA og EFTA skrifstofunni. Jafnframt voru viðstaddir fulltrúar aðildarríkja ESB ásamt Linas Linkevicius, utanríkisráðherra Litháens, sem leiddi sendinefnd ESB. Luis Felipe Fernandez de la Pena, sviðsstjóri sviðs Evrópu og Mið-Asíu (e. Managing Director for Europe and Central Asia) og aðrir fulltrúar frá utanríkisþjónustu ESB, Mechthild Woersdoerfer, deildarstjóri á orkumálaskrifstofu (e. Head of Unit for Energy Policy & Monitoring of electricity, gas, coal and oil markets, Directorate General for Energy). Fleiri fulltrúar frá framkvæmdastjórninni sátu einnig fundinn.

Á fundinum var meginumræðuefnið mat á framkvæmd EES samningsins. Utanríkisráðherra Íslands hélt ræðu fyrir hönd EES/EFTA ríkjanna þar sem hann m.a. upplýsti um að það sé í forgangi hjá EES/EFTA ríkjunum að finna leiðir til að fækka gerðum sem bíða upptöku í EES samninginn. Hann lagði áherslu á að það sé þó ekki nóg að EES/EFTA ríkin geri átak á þessu sviði heldur sé nauðsynlegt að ESB taki þátt í að finna lausnir þegar upp koma spurningar um hvort ákvæði ESB gerða sem falla undir EES samninginn samræmast stjórnarskrám EES/EFTA ríkjanna eða mála sem eru ný hvað EES samninginn varðar. Í því sambandi minntist utanríkisráðherra á fjármálaeftirlitsstofnanirnar sem settar voru á fót í kjölfar efnahagskreppunnar. Jafnframt lýsti utanríkisráðherra yfir áhyggjum EES/EFTA ríkjanna varðandi þáttökuskilyrði fyrir EES/EFTA ríkin í nýrri Evrópustofnun um samræmt fjarskiptaeftirlit (BEREC-málið svokallaða). EES/EFTA ríkjunum býðst einungis áheyrnaraðild að stofnuninni en ekki full þátttaka án atkvæðisréttar eins og venjan hefur verið í sambærilegum stofnunum. Ráðherra sagðist vonast til þess að í framtíðinni verði ákvæði EES samningsins varðandi þáttöku EES/EFTA ríkjanna í slíkum stofnunum virt og þannig komið í veg fyrir einhliða takmarkanir.

Utanríkisráðherra hélt jafnframt tölu fyrir hönd Íslands um sama efni. Hann lýsti yfir eindregnum vilja sínum til þess að styrkja þáttöku Íslands í EES samstarfinu í ljósi mikilvægis samskipta Íslands við ESB. Hann sagði það vera lykilverkefni að koma hreyfingu á mál sem hafa verið strand í langan tíma. Til þess þurfi ásetning allra aðila og Ísland sé reiðubúið til þess að vinna að því.

Fulltrúar ESB tóku fram að EES samstarfið hafi verið mjög árangursríkt en að tíminn sem upptaka gerða og innleiðing tekur sé óásættanlegur og orðið hafi afturför síðastliðið misseri. Aftur hafi hægt á upptöku gerða og samkvæmt upplýsingum frá ESA var 2013 metár í málsmeðferð vegna brota á EES reglum. Ástandið ógni einsleitni og réttaröryggi sameiginlega markaðarins. Fækkun útistandandi gerða sé mikilvægasta málið á sviði EES um þessar mundir og það verði að setja fullan kraft í það á næstu mánuðum.

Á fundinum var einnig var rætt um ramma ESB fyrir loftslags- og orkumál til ársins 2030. Utanríkisráðherra Íslands greindi í því sambandi frá helstu áherslum Íslands í loftslagsmálum og vakti sérstaka athygli á jarðhita sem einum af valkostunum fyrir endurnýjanlega orku í Evrópu. Ráðherrann ræddi jafnframt um samstarf Íslands og ESB á sviði orku- og loftslagsmála, sem á sér stað bæði innan EES samningsins og á alþjóðavettvangi. Hann benti á að í Evrópu séu talsverðir ónýttir möguleikar á virkjun jarðhita og lýsti áhuga Íslands á frekara samstarfi á sviði rannsókna og hugsanlegra framkvæmda á því sviði. Af hálfu ESB kom fram að orkustefna EES/EFTA ríkjanna geti haft alþjóðlega þýðingu og samvinna við

EES/EFTA ríkin um þessi mál sé mikilvæg vegna góðs árangurs við nýtingu endurnýjanlegar orku. Einnig var minnst á að olía gæti fundist við Ísland sem geti leitt til þess að Ísland hefji útflutning jarðefnaeldsneytis til ESB, sem og möguleikann á raforkuútflutningi með sæstreng verði slík framkvæmd talin hagstæð í framtíðinni.

Utanríkisráðherra Íslands lagðist gegn því að makrílveiðar Íslendinga væru ræddar á fundinum eins og til stóð af hálfu ESB. Fulltrúi ESB undirstrikaði að afstaða ESB í málinu hafi ekki breyst en samþykkti að ekki væri fjallað um makríldeiluna í niðurstöðum EES ráðsfundarins.

EES/EFTA ríkin áttu auk þess pólitískt samráð við ESB síðari hluta árs 2013 um eftirfarandi mál: Vestur-Balkanskagann, Evrópuráðið og öryggis- og samvinnustofnun Evrópu og Mið-Austurlönd og Norður-Afríku.

Eftirfarandi er yfirlit yfir nokkur af helstu málunum sem hafa verið til umfjöllunar í EES samstarfinu á tímabilinu:

Samþykkt löggjöf sem fellur að hluta eða að öllu leyti undir EES samninginn.

Auknar öryggiskröfur á lækningatæki.

Framkvæmdastjórnin setti nýlega tvær nýjar reglugerðir til að auka neytendavernd þegar kemur að kaupum á lækningatækjum. Gerðar eru auknar öryggiskröfur á tækin auk þess gerðar eru auknar kröfur varðandi leyfisveitingar í aðildarríkjunum.

http://europa.eu/rapid/press-release_IP-13-854_en.htm?locale=en

Reglur um vinnuálag flugmanna.

Nýjar reglur hafa verið settar til að setja frekari skorður á vinnuálag flugmanna. Flugtími að nóttu til hefur verið skertur, hámarksfjöldi flugtíma á einu ári færist úr 1300 tímum niður í 1000 tíma, vikulegur hvíldartími aukinn, allt að fimm daga vinnuhlé ef flugmaður þarf að fara yfir mörg tímabelti auk þess sem bakvaktartími hefur verið minnkaður stórlega.

http://europa.eu/rapid/press-release_IP-13-928_en.htm?locale=en

Skilyrði um gagnsæi í verðbréfavíðskiptum.

Evrópusambandið hefur sett nýjar reglur til að breyta skilyrðum um gagnsæi í verðbréfavíðskiptum. M.a. er krafa um ársfjórðungsskýrslur afnumin, sett fram krafa um að veittar séu upplýsingar um alla aðila sem tengjast eignarhaldi fyrirtækis og refsingar við brot á reglunum hertar.

<http://www.iasplus.com/en/news/2013/10/transparency-directive>

Nýjar reglur um leyfilega geislavirkni í vatni.

Evrópusambandið hefur sett nýjar reglur um mæliaðferðir og viðmið vegna geislavirkni í drykkjarvatni. Reglunum fylgja ákvæði um eftirlitskerfi sem hvert aðildarríki skal framfylgja.

http://www.consilium.europa.eu/uedocs/cms_data/docs/pressdata/en/trans/139101.pdf

Sameiginlegt bankaeftirlitskerfi.

Reglur um nýtt sameiginlegt fjármálaeftirlitskerfi (e. Single Supervisory Mechanism) á Evrusvæðinu munu taka gildi 4. nóvember. Hið nýja fjármálaeftirlit mun hafa eftirlit með stærri fjármálastofnunum í ESB og yfirumsjón með fjármálaeftirliti í aðildarríkjunum. Markmiðið er að skapa stöðugleika í fjármálageiranum, skapa réttlát lánskilyrði í allri

Evrópu og sjá til þess að bankar, en ekki skattgreiðendur, borgi fyrir sín eigin mistök.
[http://europa.eu/rapid/press-release MEMO-13-899_en.htm?locale=en](http://europa.eu/rapid/press-release_MEMO-13-899_en.htm?locale=en)

Horizon 2020 samþykkt.

Í desember náðist endanlegt samkomulag um Horizon 2020 nýja áætlun ESB á sviði vísinda og nýsköpunar eftir tveggja ára samningaferli. Rannsóknar- og nýsköpunaráætlun Evrópusambandsins sameinar nokkrar áætlanir í eina stærri, nútímalegri og einfaldari áætlun. Áætlunin hefur um 80 milljarða evra til umráða fyrir tímabilið 2014-2020 og er m.a. ætlað að styrkja samkeppnishæfni Evrópu. Fyrstu auglýsingar eftir styrkjum voru birtar 11. desember sl.

http://www.consilium.europa.eu/uedocs/cms_data/docs/pressdata/en/intm/139875.pdf

COSME samþykkt.

COSME-áætlunin fyrir tímabilið 2014-2020, sem er ætlað að auka samkeppnisfærni lítilla og meðalstórra fyrirtækja í Evrópu, hefur verið samþykkt. Áætlunin veitir tveimur milljörðum evra í verkefni tengd markmiðum áætlunarinnar, þar af 60% í formi áhættufjármagns til lítilla og meðalstórra fyrirtækja og ábyrgða á lánnum en aðrir þættir áætlunarinnar miða að því að aðstoða stjórnvöld við að draga úr skriffinnsku og hjálpa smærri fyrirtækjum að fá aðgang að mörkuðum.

<http://www.eu2013.lt/en/news/pressreleases/eu-programme-for-the-competitiveness-of-enterprises-and-smes-cosme-for-20142020-approved-under-lithuanian-presidency>

ERASMUS + samþykkt.

ERASMUS +, ný áætlun Evrópusambandsins um mennta-, starfsþjálfunar-, ungmenna- og íþróttamál fyrir tímabilið 2014-2020, hefur verið samþykkt. Áætlunin hefur um 14.7 milljarða evra til ráðstöfunar sem er um 40% aukning fyrir þennan málaflokk. Áætlað er að tveir þriðju fjármagnsins fari í að styðja einstaklinga til náms utan heimalands en afgangurinn fari í að styrkja samstarfsverkefni menntastofnana og annarra aðila á þessu sviði auk verkefna sem stuðla að auknum frumkvöðlaanda í skólastarfi. Áætlunin mun veita rúmlega 5 milljón ungs fólks tækifæri til að læra, fara í starfsþjálfun eða í sjálfboðastarf í öðru landi.

<http://register.consilium.europa.eu/doc/srv?l=EN&t=PDF&gc=true&sc=false&f=ST%2017184%202013%20INIT>

Creative Europe samþykkt.

Ný áætlun Evrópusambandsins á sviði menningar- og fjölmiðlamála fyrir tímabilið 2014-2020, Creative Europe, hefur verið samþykkt. Áætlunin fær rúmlega 1.46 milljarða evra til ráðstöfunar sem er um 9% aukning frá fyrri áætlunum. Um 56% verður ráðstafað í fjölmiðlaáætlunina (MEDIA) og 31% í menningaráætlunina (CULTURE). Þá mun nýr ábyrgðarlánasjóður styðja við menningarfyrirtæki og stofnanir. Stefnt er að því að styðja um 250.000 listamenn, 2000 kvikmyndahús, 800 kvikmyndir og 4.500 bókaþýðingar í Evrópu. Þá munu verkefni Menningarborg Evrópu og Viðurkenning fyrir evrópska menningararfleifð halda áfram sem og fimm evrópsk verðlaun fyrir menningararfleifð, byggingarlist, bókmenntir, tónlist og kvikmyndir.

<http://register.consilium.europa.eu/doc/srv?l=EN&t=PDF&gc=true&sc=false&f=ST%2017401%202013%20INIT>

Reglur/Tilskipun um gagnkvæma viðurkenningu starfsréttinda uppfærðar.

Endurskoðuð tilskipun um gagnkvæma viðurkenningu starfsréttinda hefur tekið gildi. Tilskipuninni er ætlað að auðvelda hreyfanleika faglærðs vinnuafns innan ESB meðal annars

með tilkomu sérstaks rafræns skírteinis (e. *European professional card*) sem verður viðurkennt í öllum aðildarríkjum ESB.

http://www.consilium.europa.eu/uedocs/cms_data/docs/pressdata/en/intm/139598.pdf og <http://register.consilium.europa.eu/pdf/en/13/pe00/pe00057.en13.pdf>

Breyting á reglugerð um ERIC.

Í desember var samþykkt breyting á reglugerð ESB um ERIC (e. *European Research Area Infrastructures Consortium*) sem er ætlað að auðvelda stofnun, rekstur og samvinnu rannsóknarinnviða innan Evrópu. Breytingarnar voru gerðar að ósk EES EFTA ríkjanna til að tryggja þeim jafnan rétt m.a. til að greiða atkvæði í ERIC. Drög að ákvörðun um upptöku reglugerðarinnar í EES samninginn hefur verið til umræðu í vinnuhópi EFTA um rannsóknir og þróun um nokkurt skeið.

http://ec.europa.eu/research/infrastructures/index_en.cfm?pg=eric

Löggjöf sem er í undirbúningi og fellur að hluta eða öllu leyti undir EES samninginn.

Viðmiðunarreglur fyrir gögn frá opinberum fyrirtækjum og stofnunum.

„Digital Agenda for Europe“ er eitt af 7 átaksverkefnum „Europe 2020“ áætlunarinnar þar sem ætlunin er að virkja upplýsingatækni til þess að auka hagvöxt í álfunni. Sem hluti af því hefur verið ákveðið að endurskoða PSI tilskipunina en hún varðar upplýsingar sem er aflað af opinberum fyrirtækjum og stofnunum. Framkvæmdastjórnin hefur opnað fyrir samráðsferli varðandi endurskoðunina. Meðal þess sem verður endurskoðað eru viðmiðunarreglur um ráðlagða stöðlun leyfa og gagnasetta og hvernig aðgangur að og endurnotkun opinberra upplýsinga er verðlögð.

<http://ec.europa.eu/digital-agenda/en/news/consultation-guidelines-recommended-standard-licences-datasets-and-charging-re-use-public>

Reglur um húsnæðislán.

Reglur sem auka neytendavernd þegar kemur að fasteignalánum eru komnar langt á veg. Auk þess að auka mjög réttindi neytenda fyrir og eftir lántöku eru settar strangar reglur varðandi starfsemi lánamilliliða.

[http://europa.eu/rapid/press-release MEMO-13-777_en.htm?locale=en](http://europa.eu/rapid/press-release_MEMO-13-777_en.htm?locale=en)

Sameiginlegur fjarskiptamarkaður.

Framkvæmdastjórnin hefur komið fram með róttækar tillögur að endurbótum á fjarskiptalögum ESB sem munu koma til með að sameina fjarskiptamarkaði í álfunni. Í tilögunum er m.a. gert ráð fyrir felld verði niður reikigjöld innan aðildarríkja ESB, allt regluverk einfaldað sem mun gera fjarskiptafyrirtækjum kleift að fjárfesta meira og stækka þvert yfir landamæri, og að utanlandstaxtar á símtölum milli ríkja innan Evrópu verði afnumdir.

[http://europa.eu/rapid/press-release IP-13-828_en.htm?locale=en](http://europa.eu/rapid/press-release_IP-13-828_en.htm?locale=en)

[http://europa.eu/rapid/press-release MEMO-13-779_en.htm?locale=en](http://europa.eu/rapid/press-release_MEMO-13-779_en.htm?locale=en)

Ný umhverfismatslög.

Ný lög sem eiga að straumlínulaga reglur um umhverfismat eru í undirbúningi. Ætlunin er að létta á byrðum stjórnsýslunnar og gera auðveldara að láta útbúa umhverfismat fyrir stærri verkefni án þess að dregið sé úr umhverfiskröfum.

[http://europa.eu/rapid/press-release MEMO-13-869_en.htm?locale=en](http://europa.eu/rapid/press-release_MEMO-13-869_en.htm?locale=en)

Endurbætur á gagnaverndarlögum.

Endurbætur á gagnaverndarlögum eru í undirbúningi. Gagnaverndarlögin lúta að meðferð persónueinkenna í gögnum, persónuvernd sem og sérstökum reglum um meðferð gagna á sviði lögreglu og dómsmála. Nýju reglurnar munu m.a. veita einstaklingum aukinn rétt til að vernda einkalíf sitt og gögn.

[http://europa.eu/rapid/press-release EDPS-13-9_en.htm?locale=en](http://europa.eu/rapid/press-release_EDPS-13-9_en.htm?locale=en)

Reglur til að draga úr notkun plastpoka.

Lögð hefur verið fram tillaga um reglur sem eiga að draga úr ruslmagni og annarri sóun. Nýju reglurnar eru viðbót við tilskipun Evrópusambandsins um umbúðir og förgun umbúða.

Reglurnar munu annars vegar gera þá kröfu til aðildarríkja að grípa til aðgerða til þess að draga úr notkun óendurnýtanlegra plastpoka og hins vegar leyfa ríkjunum að grípa til efnahagslegra aðgerða til að ná því markmiði (t.d. skatta).

http://europa.eu/rapid/press-release MEMO-13-945_en.htm?locale=en

Leyfi til ræktunar erfðabreytts maís.

Líkur eru á að innan skamms verði veitt leyfi fyrir ræktun erfðabreytts maís innan ESB í kjölfar jákvæðrar álitsgerðar Matvælaeftirlitsstofnunar ESB. [http://europa.eu/rapid/press-release IP-13-1038_en.htm?locale=en](http://europa.eu/rapid/press-release_IP-13-1038_en.htm?locale=en)

Sjómenn öðlist sömu réttindi og launafólk á landi.

Lögð hefur verið fram tillaga um að reglur Evrópusambandsins um rétt launafólks til upplýsinga og samráðs þegar kemur t.d. að hópuppsögnum og eigendaskiptum á fyrirtækjum muni nú jafnframt ná til sjómanna. Reglurnar bæta lífsgæði og vinnuaðstæður sjómanna og gera þar að leiðandi ákjósanlegra fyrir ungt fólk að starfa á sviði sjávarútvegs og siglinga. Auk þess verða þannig réttindi sjómanna samræmd í öllum aðildarríkjum ESB og leiðir það til réttlátari samkeppni á sviði sjávarútvegs og siglinga þar sem rekstraraðilar munu þurfa að gegna sömu skyldum.

[http://europa.eu/rapid/press-release IP-13-1094_en.htm?locale=en](http://europa.eu/rapid/press-release_IP-13-1094_en.htm?locale=en)

Reglur um kynjajafnrétti í stjórn fyrirtækja.

Tillögur um reglur um kynjajafnrétti í stjórn fyrirtækjahafa verið lagðar fram. Tillögurnar fela m.a. í sér að stjórnir fyrirtækja þar sem hlutfall kvenna er innan við 40% munu þurfa að taka upp nýja aðferðafræði við val á stjórnarmeðlimum til þess að veita hæfum kvenkyns umsækjendum forgang. Lögð verður sérstök áhersla á hæfni þ.a. að enginn sé ráðinn í stjórn nema viðkomandi sé hæfur til þess. Reglurnar munu einungis gilda fyrir stærri fyrirtæki en ekki lítil eða meðalstór fyrirtæki. Reglurnar verða aðeins til bráðabirgða og munu renna út 2028.

[http://europa.eu/rapid/press-release IP-13-1118_en.htm?locale=en](http://europa.eu/rapid/press-release_IP-13-1118_en.htm?locale=en)

Viðbótarlífeyrisréttindi færast á milli ríkja.

Í vinnslu eru nýjar reglur varðandi viðbótarlífeyrisréttindi launafólks í aðildarríkjum ESB. Launafólk sem flytur frá einu aðildarríki ESB til annars á nú þegar rétt á því að njóta fullra

lífeyrisréttinda í því ríki sem það flyst til og er markmið nýja regluverksins að hið sama gildi um viðbótarlífeyrisréttindi til að tryggja óhindraða för fólks.

<http://www.europarl.europa.eu/news/en/news-room/content/20131126IPR26750/html/Parliament-and-Council-negotiators-close-deal-on-keeping-pension-rights-abroad>

Tillaga um reglur gegn stuldi á viðskiptaleyndarmálum.

Lögð hefur verið fram tillaga að reglum sem verja þekkingu innan fyrirtækja, sem er flokkuð sem trúnaðarmál, gegn stuldi, opinberun eða ólögumætri notkun. Í dag er talsverður munur á löggjöf aðildarríkja ESB á þessu sviði og sum ríki hafa jafnvel engar reglur varðandi vernd viðskiptaleyndarmála. Reglunum er ætlað að veita fyrirtækjum, sérstaklega smærri fyrirtækjum, aukna vernd gegn netglæpum og iðnaðarnjósnum og leiðir til þess að fá bót sinna mála ef þau verða fyrir slíkum glæpum.

http://europa.eu/rapid/press-release_IP-13-1176_en.htm?locale=en

Skil á ólöglega fengnum menningarverðmætum.

Lögð hefur verið fram tillaga að tilskipun varðandi skil á minjum og menningarverðmætum sem fengin hafa verið með ólögumættum hætti frá aðildarríkjum ESB. Meðal þeirra atriða sem lögð eru fram í tillögunni er að gildissvið reglnanna verði breikkað verulega og muni ná til allra þeirra muna sem hægt verði að skilgreina sem þjóðargensermar. Einnig er lagt til að frestur til þess að hefja mál til þess að fá munina til baka verði lengdur og að sönnunarbyrðin sé færð frá þeim sem munurinn kemur frá til þess sem hefur muninn undir höndum.

<http://www.consilium.europa.eu/homepage/highlights/council-adopts-general-approach-on-the-return-of-cultural-objects?lang=en>

Endurskoðun á reglum ESB um höfundarrétt.

Samráðsferli vegna endurskoðunar á reglum ESB um höfundarrétt hófst 5. desember sl. Markmiðið er að höfundarréttarreglur styðji við sköpun og nýsköpun, auðveldi aðgang að gæðaverkum þ.m.t. yfir landamæri, stuðli að fjárfestingu og styrki menningarlega fjölbreytni.

http://europa.eu/rapid/press-release_IP-13-1213_en.htm

Klónun dýra og nýfæði.

Framkvæmdastjórn ESB hefur lagt fram tillögu að tilskipun varðandi klónun dýra og reglugerð um nýfæði sem eru umdeild málefni innan Evrópusambandsins og víðar. Tilgangurinn er að koma á skýrara regluverki varðandi þessi mál.

http://europa.eu/rapid/press-release_MEMO-13-1170_en.htm

Tillögur að nýjum reglum til að stuðla að hreinna lofti í Evrópu.

Framkvæmdastjórn ESB hefur lagt fram tillögu að nýjum reglum til að stuðla að hreinna lofti í Evrópu. Reglunum er ætlað að minnka enn frekar skaðlega losun efna frá iðnaði, umferð, orkuverum og landbúnaði með það að markmiði að minnka áhrif efnanna á heilsu manna og umhverfið. Talið er að afleiðingarnar verði m.a. stórukinn sparnaður í heilbrigðiskostnaði og aukin uppskera.

http://europa.eu/rapid/press-release_IP-13-1274_en.htm

Samþykkt löggjöf sem fellur utan EES samningsins.

Tilskipun um árásir á tölvukerfi.

ESB hefur samþykkt tilskipun til að samræma refsilöggjöfina í aðildarríkjunum varðandi tölvuárásir og bæta þar með varnir ESB gegn slíkum árásum og auka traust borgara ESB á internetinu. Settar eru lágmarksreglur varðandi skilgreiningar og viðurlög og ákvæði til þess að bæta samvinnu á milli yfirvalda í mismunandi aðildarríkjum.

http://europa.eu/rapid/press-release_MEMO-13-713_en.htm

Réttur til lögfræðiaðstoðar.

Nýjar reglur ESB kveða á um að allir borgarar ESB sem eru grunaðir um glæp, hvar sem er innan Evrópusambandsins, hafi rétt á að ráðfæra sig við lögfræðing frá fyrstu stigum ferlisins þar til því lýkur. Ef borgari ESB er handtekinn mun hann hafa rétt á því að hafa samband við fjölskyldu sína. http://europa.eu/rapid/press-release_IP-13-921_en.htm?locale=en

EUROSUR.

Landamæraeftirlitskerfið EUROSUR verður tekið í gagnið fyrir áramótin 2013-2014. Markmiðið er að styrkja ytri landamæri Schengen svæðisins. EUROSUR mun veita landamærayfirvöldum í hverju Schengen ríki tækifæri til þess að deila upplýsingum og vinna hvert með öðru eða með FRONTEX, sameiginlegri landamæraeftirlitshæð ESB, til þess að draga úr fjölda innflytjenda sem koma inn á svæðið á ólögmetan hátt og auka öryggi með því að koma í veg fyrir glæpastarfsemi yfir landamæri eins og t.a.m. mansal og fíkniefnasmygl.

http://europa.eu/rapid/press-release_MEMO-13-863_en.htm?locale=en

http://www.consilium.europa.eu/uedocs/cms_data/docs/pressdata/en/jha/139099.pdf

Almannavarnarkerfi ESB.

Ákvörðun hefur verið tekin um að bæta almannavarnarkerfi ESB (Civil Protection Mechanism) til þess að koma betur í veg fyrir og takast á við náttúruhamfarir og hamfarir af mannavöldum innan og utan Evrópusambandsins. Meðal annars verður gert auðveldara að samræma aðgerðir ríkja á sviði almannavarna. Fjármögnun kerfisins hefur verið tryggð til næstu sjö ára. Tiltekin ríki utan ESB taka þátt í almannavarnarkerfinu, þ. á m. Ísland.

http://www.consilium.europa.eu/uedocs/cms_data/docs/pressdata/en/jha/140108.pdf

Endurskoðun sameiginlegrar landbúnaðarstefnu ESB.

Samstaða hefur náðst um endurskoðun sameiginlegrar landbúnaðarstefnu ESB. Endurskoðunin byggir á fjórum reglugerðum um beinar greiðslur, sameiginlega skipulagningu markaða, dreifbýlisþróun og fjármögnun sameiginlegu landbúnaðarstefnunnar. Markmiðið með endurskoðuninni er að gera sameiginlegu landbúnaðarstefnuna umhverfisvænni og hnitmiðaðri með sanngjarnari dreifingu styrkja til bænda á ESB-svæðinu og árangursríkari stefnu á sviði dreifbýlisþróunar.

http://www.consilium.europa.eu/uedocs/cms_data/docs/pressdata/en/agricult/140127.pdf

Löggjöf í undirbúningi sem fellur utan EES samningsins

Harðari refsingar við braski.

Reglur sem herða verulega refsingar við innherjaviðskiptum og tilraunum til að stýra fjármálamörkuðum eru komnar langt á veg.

<http://www.europarl.europa.eu/news/en/news->

room/content/20130906IPR18863/html/Tougher-sanctions-for-financial-markets-manipulation

Nútímavæðing tollamála.

Nýjar reglur um skipan tollamála sem kemur til með að straumlínulaga meðferð slíkra mála í ESB eru komnar langt á veg. Meðal þess sem regluverkið kemur til með að breyta er að gera tollamál í ESB rafræn og pappírslaus.

[http://europa.eu/rapid/press-release MEMO-13-775_en.htm?locale=en](http://europa.eu/rapid/press-release_MEMO-13-775_en.htm?locale=en)

Átak gegn „löglegum“ vímuefnum.

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að leggja fram tillögu um að efla getu Evrópusambandsins til að sporna gegn svokölluðum „löglegum“ vímuefnagjöfum. Undir reglum sem voru lagðar fram af framkvæmdastjórninni myndu skaðleg vímuefni af þessari gerð vera tekin hratt úr umferð án þess að það stefni í hættu þeim margvíslegu notum sem þessi efni hafa í iðnaðartilgangi. [http://europa.eu/rapid/press-release IP-13-837_en.htm](http://europa.eu/rapid/press-release_IP-13-837_en.htm)

ESB gerir átak varðandi millibankavexti.

Framkvæmdastjórn ESB hefur sett fram tillögur að stórtækri reglugerðarbreytingu sem hefur það að markmiði að koma í veg fyrir að hneykslið árið 2012 varðandi ákvörðun viðmiða millibankavaxta, t.d. í London (Libor) og Evrópu (Euribor), endurtaki sig.

<http://www.euractiv.com/euro-finance/proposal-member-states-regulate-news-530558>

Strangari reglur um vegabréfsáritanir.

Reglur sem koma til með að auka svigrúm ESB til þess að afturkalla undanþágur frá vegabréfsáritunum fyrir ríkisborgara landa sem veita ekki slíkar undanþágur til ríkisborgara aðildarríkja ESB eru komnar langt á veg. Jafnframt mun þetta veita ESB svigrúm til þess að loka fyrir undanþágur til tiltekins lands komi til skyndilegrar fjölgunar innflytjenda frá því, en þó aðeins sem neyðarúrræði.

<http://www.europarl.europa.eu/news/en/news-room/content/20130910IPR19556/html/EP-backs-rules-allowing-suspension-of-visa-free-travel-only-as-a-last-resort>

Nýja sjávarútvegsstefnan.¹

Nýja sjávarútvegsstefnan er í vinnslu. Stefnt er að því að koma á kerfi þar sem ákvörðun heildarkvóta er byggð á vísindalegum ráðleggingum til að stuðla að sjálfbærni og brottkast er bannað. Auk þess verður reynt að stuðla að vernd og styrkingu viðkvæmra hrygningasvæða.

http://www.consilium.europa.eu/uedocs/cms_data/docs/pressdata/en/agricult/139038.pdf

Réttur til sanngjarnra réttarhalda styrktur.

Í vinnslu eru nýjar reglur sem munu skjóta styrkari stoðum undir rétt til sanngjarnra réttarhalda. Tillögur framkvæmdastjórnarinnar lúta að þremur þáttum. Í fyrsta lagi er um að ræða tilskipun sem tryggir að gert sé ráð fyrir að fólk sé saklaust þar til sekt er sönnuð. Það þýðir t.a.m. að kjósi sakborningur að halda þögn fyrir rétti á það ekki að þýða sjálfkrafa að hann sé álitinn sekur. Í öðru lagi er í undirbúningi tilskipun til að tryggja að sakborningar undir lögdri skilji hvað um er að vera. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir tilskipun sem tryggir sakborningum rétt til bráðabirgða lögfræðiaðstoðar á fyrstu stigum máls.

[http://europa.eu/rapid/press-release MEMO-13-1046_en.htm?locale=en](http://europa.eu/rapid/press-release_MEMO-13-1046_en.htm?locale=en)

¹ Sjá einnig umfjöllun í kaflanum „Þetta helst“.

Önnur mál utan EES samingsins

Fríverslunarsamningur ESB og Singapúr.

Fríverslunarsamningur Singapúr og ESB sem skrifað var undir í desember á síðasta ári hefur tekið gildi. Litið er á samninginn sem fordæmisgefandi fyrir viðskipti Evrópusambandsins við ríkin í Suð-Austur Asíu.

<http://europa.eu/rapid/pressReleasesAction.do?reference=MEMO/13/805&format=HTML&aged=0&language=EN&guiLanguage=en>

Fjárfestingasamningur ESB og Kína.

Ráðherraráðið veitti framkvæmdastjórninni umboð til að hefja viðræður um fjárfestingasamning við Kína. Formlegar viðræður hófust á leiðtogafundi í Peking í nóvember. Markmiðið er að viðræðunum ljúki ekki seinna en tveimur og hálfu ári eftir að þær hófust. Evrópusambandið vonast til þess að fjárfestingasamningurinn veiti evrópskum fjárfestum meira öryggi í viðskiptum sínum í Kína og opni kínverska markaðinn frekar. Þótt viðskipti á milli svæðanna séu mikil hafa fjárfestingar ekki verið í samræmi við það og fjárfestingar í Kína eru aðeins 2,5% af heildarfjárfestingum Evrópubúa erlendis.

http://www.consilium.europa.eu/uedocs/cms_data/docs/pressdata/EN/foraff/139055.pdf

<http://www.europeanvoice.com/article/imported/eu-and-china-launch-talks-on-investment-agreement/78866.aspx>

Fríverslunarsamningur Kanada og ESB samþykktur.²

Hinn 18. október sl. náðist samkomulag á milli Kanada og ESB um fríverslunarsamning eftir áralangar samningaviðræður. Við upptöku fríverslunarsamningsins munu 99% af tollum á milli svæðanna vera afnumdir. Þetta er fyrsti fríverslunarsamningurinn á milli ESB og G8 ríkis.

http://europa.eu/rapid/press-release_IP-13-972_en.htm?locale=en

Fjárlagagati lokað.

Tekjur vegna innflutningstolla á árinu 2013 voru 2,7 milljörðum evra undir áætlun. Evrópuþingið samþykkti með yfirgnæfandi meirihluta að ekki væri ásættanlegt að hefja fjárlagaárið 2014 með halla og að fjárlagagatinu yrði lokað með auknum framlögum frá aðildarríkjunum.

<http://www.europarl.europa.eu/news/en/news-room/content/20131023IPR22907/html/Parliament-votes-urgent-%E2%82%AC2.7-billion-amending-budget-to-close-resources-gap>

Breytingar í peningamálastefnu.

Seðlabanki Evrópu gerði nokkrar breytingar á peningamálastefnu Evrusvæðisins í nóvembermánuði. Vextir á aðalendurfjármögnunartækjum Evrusvæðisins voru lækkaðir um 25 punkta niður í 0,25%. Vextir á jaðarlánnum voru lækkaðir um 25 punkta niður í 0,75%. Vöxtum á innstæðum var haldið í 0%.

<http://www.ecb.europa.eu/press/pr/date/2013/html/pr131107.en.html>

Fjárhagsáætlun ESB 2014-2020.

Eftir meira en tveggja ára samningsviðræður náðist samkomulag um fjárhagsáætlun Evrópusambandsins frá 2014-2020 (Multiannual Financial Framework 2014-2020). Samkomulagið mælir fyrir um þá hámarksfjárhæð sem ESB er heimilt að ráðstafa til

² Sjá einnig umfjöllun í kaflanum „Þetta helst“.

ákveðinna stefnumótandi verkefna á næstu sjö ára: 2014-2020. Samkomulagið setur ákveðinn ramma um hvernig ráðstafa beri fjármunum sambandsins og kveður á um aga í stjórn fjármála. Áhersla verður lögð á verkefni sem skapa hagvöxt, atvinnutækifæri og auka samkeppnisfærni álfunnar.

http://europa.eu/rapid/press-release_IP-13-1096_en.htm?locale=en

Önnur lota fríverslunarviðræðna ESB og BNA.

Önnur lota í fríverslunarviðræðum Evrópusambandsins og Bandaríkjanna (TTIP) fór fram í Brussel í desember. Viðræðunum sem var framhaldið frá því í júlí beindust m.a. að reglum á sviði fjárfestinga, þjónustuviðskiptum, samhæfingu reglna, og tæknilegum viðskiptahindranum.

http://europa.eu/rapid/press-release_IP-13-1091_en.htm?locale=en

Kynjamisrétti - konur í Evrópu vinna 59 daga „launalaust“.

Laun kvenna Evrópu mælast 16,2% lægri en karla að meðaltali samkvæmt tölum sem framkvæmdastjórn ESB hefur birt. Þetta svarar til 59 daga sem konur vinna launalaust.

http://europa.eu/rapid/press-release_IP-13-1227_en.htm

Endurviðtökusamningur ESB og Tyrklands.

ESB og Tyrkland hafa undirritað samkomulag um hvernig standa beri að flutningi til baka á einstaklingum sem eru búsettir ólöglega á yfirráðasvæða samningsaðila. Auk þess eru hafnar viðræður milli ESB og Tyrklands um það hvernig megi aflétta vegabréfsáritunarskyldu fyrir tyrkneska ríkisborgara þegar um stutta dvöl á Schengen svæðinu er að ræða.

http://europa.eu/rapid/press-release_IP-13-1259_en.htm

Schengen

Mikilvægum áfanga var náð á vettvangi Schengen samstarfsins í apríl 2013 sl. þegar önnur kynslóð upplýsingakerfisins (SIS II) var gangsett eftir að hafa undirgengist víðtækar prófanir. SIS II upplýsingakerfið, sem tók við af eldra SIS kerfi, er gagnlegt tæki fyrir lögreglu og til að auka öryggi á Schengen svæðinu. Þá hélt útvíkkun upplýsingakerfis um vegabréfsáritanir fyrir stutta dvöl á Schengen svæðinu (VIS) áfram á tímabilinu, til suður Ameríku og mið Asíu.

Aðild Búlgaríu og Rúmeníu að Schengen svæðinu náðist ekki á tímabilinu þrátt fyrir einbeitta tilraun litháísku formennskunnar þar um. Bæði ríkin hafi um árábil uppfyllt skilyrði fyrir aðild að Schengen, en ákveðin ríki ESB standa enn í vegi fyrir því að Rúmenía og Búlgaría gerist aðilar þar sem þau hafa ekki þótt uppfylla kröfur ESB um aðgerðir til varna gegn skipulagðri glæpastarfsemi og spillingu. Málið var síðast rætt á fundi dóms- og innanríkisráðherra í byrjun desember, en án árangurs. Lauk málinu þar með þeim hætti að það verði tekið upp að nýju við fyrsta hentugleik.

Undirbúningur að innleiðingu nýs samræmds eftirlitskerfi á hafi og landi, Eurosur, hófst að fullum þunga hjá ríkjunum, þ. á m. Íslandi. Eurosur er evrópskt eftirlitskerfi sem er hugsað sem tæki fyrir stjórnvöld Schengen ríkja til að efla stjórnun á ytri landamærum og baráttuna gegn millilandaglæpum. Því er ætlað að vernda ytri landamæri Schengen með því að koma auga á og í veg fyrir ólöglegar ferðir fólks um ytri landamærin. Eftirlitskerfinu er einnig ætlað að vera forvörn gegn glæpum og ólöglegum fólksflutningi og bjarga lífi og limum þeirra sem setja sig í hættu við að komast yfir landamærin. Fyrirhugað var að kerfið hæfi starfsemi í apríl 2014 en fyrirsjáanlegar eru nokkrar tafir þar á vegna tækniörðugleika hjá Frontex.

Umræður um tvíþættan landamærapakka framkvæmdastjórnar ESB, eða *Smart Borders* tillögurnar, héldu áfram af miklum þunga á tímabilinu. Tillögunum er ætlað að greiða fyrir, auðvelda og styrkja landamæraeftirlit með erlendum ríkisborgurum sem ferðast til ESB-svæðisins. Pakkinn inniheldur annars vegar áætlun um einföldun á landamæraeftirliti fyrir þá sem ferðast oft til ESB landa. Einstaklingar sem sækja um slíka einföldun þurfa þó að standast stranga bakgrunnsskoðun. Áætlað er að 5 milljónir einstaklinga muni nýta sér umrædda þjónustu á ári. Pakkinn gerir ráð fyrir komu/brottfarar kerfi þar sem skráð er hvar og hvenær ríkisborgarar ríkja utan ESB ferðast til svæðisins. Kerfið mun reikna á sjálfvirkan hátt hversu lengi hver einstaklingur getur verið á svæðinu og lætur yfirvöld vita ef hann hefur ekki yfirgefið það fyrir tilsettan tíma. Vonast er til að landamærapakkinn geti verið kominn í notkun árið 2017 eða 2018.

Á tímabilinu náðist pólitískt samkomulag milli ráðs, framkvæmdastjórnar og Evrópuþings um nýja fjármálarámmann, þ. á m. innri öryggissjóð um ytri landamæri og vegabréfsáritanaútgáfu sem tekur við af evrópska landamærasjóðnum sem rann sitt skeið 31. desember 2013. Nýji sjóðurinn telst þróun á Schengen samstarfinu og nær þannig til Íslands. Undirbúningur til þátttöku í sjóðnum er hafinn heima fyrir.

Í nóvember 2013 kom út síðari hálfárskýrsla framkvæmdastjórnarinnar um ástandið á Schengen svæðinu. Slíka skýrslu skal framkvæmdastjórnin leggja fram tvisvar á ári, og er markmiðið að styrkja stöðu Schengen svæðisins með reglulegu upplýsingaflæði og yfirsýn. Efni skýrslunnar má skipta í fjóra þætti.

Í *fyrsta lagi* er í skýrslunni fjallað um ástandið á *ytri landamærum* Schengen. Er m.a. greint frá 7,4% aukningu miðað við sama tíma á síðasta ári af einstaklingum stöðvuðum í óreglulegri för yfir landamæri, en aukningin er 155% miðað við fyrsta ársfjórðung 2013. Ástæðuna má líklegast rekja til betri veðurskilyrða í Miðjarðarhafinu annars vegar og hins vegar breyttar stefnu Ungverjalands í hælismálum, n.t.t. í janúar 2013 hafa hælisumsækjendur í Ungverjalandi verið sendir í opna vistun, í stað lokaðrar áður fyrr. Úr opnu vistunarúrræðunum hurfu hinsvegar fjölmargir hælisleitendur og varð aukningarinnar strax vart í formi óreglulegrar farar einstaklinga um landamæri (síðari hluta árs 2012 voru 911 einstaklingar stöðvaðir, fyrsta ársfjórðung 2013 alls 2405 og annan ársfjórðung 2013 alls 8775 einstaklingar). Í júlí 2013 breyttu Ungverjar aftur stefnu sinni og nýta nú aftur lokað vistunarúrræði í fleiri tilvikum. Tala einstaklinga í óreglulegri för hefur um leið hrapað. Ungversk stjórnvöld benda reyndar á að þetta gæti líkað stafað af auknu samstarfi við Kosovo.

Í *öðru lagi* fjallar skýrslan um ástandið *inni á Schengen svæðinu*, þar sem helsta vandamálið eru óreglulegir og ólöglegir útlendingar. Þetta er jafnframt talið eitt stærsta vandamál Schengen svæðisins en tölfræði og aðrar upplýsingar hefur vantað um umfang vandans hingað til.

Sérstök aðgerð (*Operation Perkonas*) til upplýsingaöflunar fór fram á tímabilinu 30. september til 13. október s.l. í 23 aðildarríkjum ESB, Sviss og Noregi (Ísland tók ekki þátt í aðgerðinni). Markmið aðgerðarinnar var að rannsaka tengsl milli óreglulegrar farar um ytri landamæri og frekari flutninga (*secondary movement*) innan Schengen svæðisins. Niðurstöður aðgerðarinnar hafa ekki verið birtar en fram kemur í skýrslunni að enn sé þörf á upplýsingaöflun vegna ástandsins inni á Schengen svæðinu. Frontex mun á næstunni leggja fram sérsniðið áhættugreiningarmódel fyrir för innasvæðis. Ennfremur hefur FRAN ákvarðað

mælikvarða vegna þesskonar farar sem safna þarf upplýsinga um reglulega frá og með janúar 2014.

Á þriggja vikna tímabili í mars-maí s.l. fór fram samræmd aðgerð evrópskra löggæslufirvalda á flugvöllum (í samvinnu við AIRPOL) þar sem áhersla var lögð á varnir gegn mansali og smygli á fólki, greiningu á fölsuðum ferðaskilríkjum, auðkennaþjófnað, skipulagða glæpastarfsemi og hryðjuverk. Alls tóku 17 flugvellir í 14 löndum þátt í aðgerðinni og var áhersla lögð á innansvæðisflug. Allar upplýsingar voru sendar AIRPOL til frekari greiningar.

Utanríkismál og ESB

Sendiráðið fylgist með umræðum og ákvarðanatöku ESB á sviði utanríkismála, sér í lagi fundum utanríkisráðherra ESB. Starfsmenn sendiráðsins eiga margháttað samráð við stofnanir sambandsins og fastanefndir aðildarríkjanna í Brussel á sviði utanríkismála. Utanríkisþjónusta ESB (EEAS) er lykilaðili í samstarfi Íslands og ESB við framkvæmd EES samningsins, en jafnramt á sendiráðið náið samráð við EEAS um alþjóðamál. Formleg samskipti fara meðal annars fram með pólitísku samráði EES/EFTA ríkjanna við EEAS, en einnig situr fulltrúi Íslands einstaka fundi stjórn mála- og öryggisnefndar ESB, þar sem Ísland er aðili að Atlantshafsbandalaginu. Sjónarmiðum Íslands er komið á framfæri jafnt formlega sem óformlega og leitast starfsmenn sendiráðsins við að tryggja greiðan aðgang að upplýsingum um stöðu og þróun mála innan ESB. Sem náinn samstarfsaðili ESB á alþjóðavettvangi er mikilvægt að til staðar sé öflugt tengslanet við lykilaðila innan stofnana ESB og vinna starfsmenn sendiráðsins ötullega að því að viðhalda og útvíkka tengslahóp sinn.

Reglulega berast Íslandi boð um að taka undir yfirlýsingar ESB varðandi utanríkismál- og alþjóðamál. Á síðari helmingi ársins bárust 15 boð um að taka undir slíkar yfirlýsingar og tók Ísland undir 13 þeirra. Yfirlýsingar þessar vörðuðu flestar mannréttindi, lýðræði og áttakasvæði.

Fundur utanríkisráðherra ESB

Utanríkisráðherrarnir aðildarríkjanna hittust fjórum sinnum á ráðsfundi síðari hluta ársins 2013. Að vanda var margt rætt á fundi ráðherranna og gjarnan voru sömu mál rædd á fleiri en einum fundi. Málefni Egyptalands og Sírlands voru fyrirferðarmikil og finna má sérstaka umfjöllun um þau mál í kaflanum „Þetta helst“. Hér á eftir er stiklað á stóru í umfjöllun ráðsins um einstök mál og gerð grein fyrir þeim ákvörðunum sem teknar voru.

Nágrannar í Austri

Á októberfundi ráðsins var rætt um grannríkjasamstarf til austurs og lögðu ráðherrarnir áherslu á þær réttarúrbætur sem Úkraína þyrfti að ráðast í til að hægt væri að undirrita samstarfssamning við ESB. Á desemberfundinum ítrekuðu ráðherrarnir vilja ESB til þess að skrifa undir samstarfssamning við Úkraínu, þrátt fyrir að stjórnvöld í landinu hefðu ekki undirritað slíkan samning á fundi í Vilnús.³

Mið-Afríkulýðveldið

Ráðherrarnir lýstu yfir áhyggjum sínum yfir ástandinu í Mið-Afríkulýðveldinu og fögnuðu íhlutun Frakklands í landinu. Áhersla var lögð á mannúðarmál og ráðherrarnir áréttuðu að aðildarríki ESB hafa lagt fram sem nemur 60 milljónum evra á árinu. Ráðið staðfesti að

³ Sjá nánari umfjöllun um grannríkjasamstarf til austurs og málefni Úkraínu í kaflanum „Þetta helst“.

sambandið er reiðubúið til hernaðarihlutunar í landinu og að til greina komi að taka þátt í uppbyggingu á sviði öryggismála.

Friðarumleitani í Mið-Austurlöndum

Á júlífundi sínum fögnuðu ráðherrarnir endurupptöku viðræðna milli Ísrael og Palestínu og áréttuðu stuðning ESB við tveggja ríkja lausn. Friðarviðræðurnar voru einnig á dagskrá ráðsins í desember og var enn á ný lýst yfir stuðningi við áframhaldandi viðræður. Ráðherrarnir lýstu einnig vilja sínum til að styðja nauðsynlegar aðgerðir til að tryggja varanlegan frið náist samkomulag um lausn deilunnar.

Sýrland

Borgarastyrjöldin í Sýrlandi var rædd á fundum ráðsins í október og desember. Á síðari fundinum ræddu ráðherrarnir undirbúning friðarviðræðnanna sem fara fram í Genf í janúar 2014, árangur við eyðingu efnavopna og ástand mannúðarmála. Ástandið sem skapast hefur í Líbanon vegna átakanna í Sýrlandi var einnig rætt og ráðherrarnir vilja sinn til að styðja öryggissveitir við að verja landamærin við Sýrland. Einnig var hvatt til myndunar nýrrar ríkisstjórnar í Líbanon til að takast á við breyttar áskoranir sem landið stendur frammi fyrir.

Líbía

Á nóvemberfundinum ræddu ráðherrarnir um ástandið í Líbýu, sér í lagi aukið ofbeldi í Trípólí og áréttuðu ráðið vilja sinn til að styðja Líbýu á leið sinni til lýðræðis. Stöðugleiki og öryggi á landamærum Líbýu er hagsmunamál ESB og vísað var til framlags ESB til landamæravörslu, sem hluta af heildarstefnu ESB í málefnum landsins. Ennfremur minnti ráðið á að ESB væri reiðubúið að taka upp rammasamning sambandsins og Líbýu að nýju.

Myanmar/Búrma

Á júlífundi sínum samþykkti ráðið ályktun um heildstæðan ramma um stuðningsaðgerðir og stefnu ESB í málefnum Myanmar. Markmið sambandsins eru að styðja við pólitíska, félagslega og efnahagslega þróun í landinu og úrbætur á sviði mannréttinda.

Afríka

Ástandið í Lýðveldinu Kongó var til umræðu á júlífundi ráðsins. Í ályktun sinni fögnuðu ráðherrarnir friðar og öryggissamkomulaginu sem undirritað var í febrúar 2013. Ráðið skilgreindi hvað ESB myndi leggja áherslu á í viðbrögðum sínum. Þar ber helst að nefna að tryggja varanlegan frið, hvetja ríkisstjórn Lýðveldisins Kongó til að ráðast í nauðsynlegar umbætur, styðja löndin á svæðinu til þess að taka upp bæta stjórnarhætti og aukið lýðræði, auk þess að styðja við efnahagslega uppbyggingu á svæðinu.

Í júlí samþykkti þingið ályktun um Sómalíu þar sem áréttuð var stuðningur sambandsins við umbótastarf sambandsstjórnarinnar í Sómalíu á sviði lýðræðis, réttarríkis og mannréttinda. Ennfremur var lögð áhersla á áframhaldandi vilja ESB til að berjast gegn sjóræningjum undan ströndum Sómalíu. Á júlífundinum var einnig rætt um Malí og ráðherrarnir áréttuðu mikilvægi þess að forsetakosningarnar færu fram á ábyrgan og gegnsæjan hátt.

Samskipti við Evrópuþingið

Þann 28. nóvember fór fram 7. fundur sameiginlegu þingmannanefndar Íslands og Evrópusambandsins. Fulltrúi sendiráðsins sat undirbúningsfund í Strassborg og Þórir Ibsen sendiherra flutti ávarp á fundinum sjálfum fyrir hönd utanríkisráðherra.

Sendiráðið kappkostar að viðhalda góðum tengslum við þingmenn á Evrópuþinginu, starfsmenn þess sem og fulltrúa einstakra flokka. Á síðari hluta ársins átti sendiherra fundi með fjölmörgum þingmönnum, m.a. til að ræða stöðu mála í samskiptum og samstarfi Íslands og ESB, en einnig til að afla upplýsinga um stöðu einstakra mikilvægra mála innan þingsins. Einnig áttu starfsmenn sendiráðsins fundi með starfsmönnum einstakra þingflokka til að deila upplýsingum og tryggja greiðar boðleiðir fyrir málstað Íslands í einstökum málum. Þessi samskipti við Evrópuþingið eru mikilvæg í ljósi sívaxandi áhrifa þingsins á stefnumótun og ákvarðanatöku innan ESB og mikilvægt er að rödd Íslands og áherslur heyrist skýrt innan veggja þingsins.

Sendiráðið kom að undirbúningi viðburðarins “Konur á þingi” sem Evrópuþingmaðurinn Koch-Mehrin skipulagði í nóvember. Viðburðurinn var vel sóttur af íslenskum þingkonum, en alls voru viðstaddar konur frá yfir 100 þjóðlöndum. Veittar voru viðurkenningar og tóku félags- og húsnæðismálaráðherra og innanríkisráðherra á móti viðurkenningum fyrir Íslands hönd fyrir árangur við að draga úr kynjamismun.

Formennskuríki ESB

Litháen 1. júlí – 31. desember 2013

Á seinni hluta ársins var formennska ráðherraráðsins í höndum Litháa. Ríkið er annað í röðinni í formennskutríói Írlands, Litháens og Grikklands. Til þess að tryggja samfellu í stefnumótun Evrópusambandsins hefur Litháen starfað náið með samstarfsríkjum sínum í formennskuþrenninni og hefur stuðst við sameiginlega 18 mánaða áætlun þessara þriggja ríkja.

Litháen lagði upp með að auka getu ESB til þess að bregðast við áskorunum á sviði efnahags-, fjármála-, félags- og orkumála. Megináherslan hefur verið að auka fjárhagslegan stöðugleika og samkeppnishæfni Evrópu, auk þess að hrinda í framkvæmd „vaxtaráætlun“ ESB. Formennskuríkið telur að frekari Evrópusamruni og styrking sameiginlega markaðarins, þar með talið á sviði orku, muni skapa ný tækifæri til þess að sporna gegn atvinnuleysi, sérstaklega meðal ungs fólks. Jafnframt muni slíkar aðgerðir styrkja þá efnahags- og samfélagsmynd sem ríkir í Evrópusambandinu. Litháen áréttar að opnar dyr ESB gagnvart nýjum aðildarríkjum, nágrönnum og samstarfsaðilum í viðskiptum mun ekki aðeins gagnast efnahagslífi ESB heldur skjóta traustari stoðum undir markmið Evrópusambandsins, þ.e. að stuðla að hagsæld, friðsæld og lýðræði í frjálsri og opinni Evrópu.

Í formennskutíð sinni lagði Litháen áherslu á að stuðla að:

- **Trúverðugri Evrópu** með stöðugleika á fjármálamörkuðum og í opinberum fjármálum, árangurs- og vaxtarmiðaða hagstýringu og sterkari félagslega vídd.
- **Hagvexti í Evrópu** með aukinni fjárfestingu á sviði rannsókna og tækniþróunar, frekari samþættingu innri markaðarins ásamt betri atvinnutækifærum og sjálfbæru almannatryggingakerfi.
- **Opinni Evrópu** sem getur tekist á við vandamál á skilvirkan hátt, verndað réttindi borgara ESB, stuðlað að því að lýðræðisleg gildi séu í hávegum höfð sem og að auknu öryggi í nánasta nágrenni sambandsins.

Grikkland 1. janúar – 30. júní 2014

Grikkland fer með formennsku Ráðherraráðsins fyrri hluta árs 2014 og er þetta í fimmta skiptið sem Grikkland fer með formennskuna síðan það gekk í Evrópubandalagið 1981. Þau svið sem lögð verður áhersla á í formennskutíð Grikkja eru fjögur:

- **Atvinnusköpun , hagvöxtur og samheldni**
Meginmarkmiðið er að halda jafnvægi á milli tímaáætlunar um aðhald í ríkisfjármálum og framkvæmd áætlunar um hagvöxt og atvinnusköpun. Ætlunin er að búa til úr þessu fjárfestingaráætlun í anda Evrópusamheldni með áherslu á atvinnusköpun.
- **Dýpkun evrusamstarfsins**
Til að auka stöðugleika á Evrusvæðinu verður áhersla lögð á með að dýpka og styrkja myntsamstarfið og samræma betur fjárlaga- og efnahagsstefnur aðildarríkjanna. Haldið verður áfram að koma á laggirnar Bankabandalaginu. Félagsleg vídd myntsamstarfsins mun fá sérstaka athygli.
- **Fólksflutningar, landamæri og frjáls för fólks**
Grikkland í formennskutíð sinni mun einbeita sér að því undirstrika jákvæðar hliðar allsherjar fólksflutningastjórnunar. Gripið verður til sérstakra aðgerða vegna vandamála sem stafar af ólöglegum innflutningi fólks, félagslegri aðlögun og stöðugleika í stjórnámálum.
- **Sjávarútvegsstefnan**
Grikkland lítur á sig sem hefðbundið sjávarútveg- og siglingarland og leggur áherslu á notagildi þessa málaflokks fyrir alla Evrópu. Brynt er að tryggja betur og hafa eftirlit með landamærum á hafi úti. Með þetta í huga mun þema formennskutíðar Grikklands vera hafið og mun áhersla á sjávarútvegs- og siglingamál vera gegnum gangandi í nálgun Grikklands á alla aðra málaflökka. Þörf er fyrir að endurræsa algerlega stefnu ESB í þessum málaflökki í samræmi við Limasol yfirlýsinguna.

Leiðtogafundur ESB

Leiðtogaráð ESB kom tvisvar saman á síðari hluta ársins 2013 undir formennsku Litháa. Á fyrri fundi ráðsins sem haldinn var dagana 24. og 25. október voru efnahagsmál í brennidepli. Sérstaklega var rætt um samkeppnishæfni og atvinnusköpun, efnahags- og myntbandalagið, nýsköpun og þjónustu, stafræna hagkerfið og innflytjendur. Njónastarfsemi Bandaríkjanna innan ESB setti mark sinn á fundinn og engar ákvarðanir voru teknar um þau mál sem voru á dagskrá.

Nokkuð þokaðist þó í umræðum um stafrænan innri markað og mikilvægi þess að klára innleiðingu hans árið 2015. Hvatt var til fjárfestinga í 4G neti, net-skýjum og nútímavæðingu opinberrar stjórnsýslu. Talsverður ágreiningur er milli aðildarríkja um sameiginlegan lagaramma um gagnavernd og ráðið komst ekki að niðurstöðu í því máli að þessu sinni.

Ráðið áréttaði fyrri ályktanir sínar um nýsköpun og þjónustu, atvinnuleysi ungmenna, efnahagsmál og einföldun regluverks. Aðildarríkin voru hvött til að framkvæma í samræmi við þær ályktanir, svo sem að innleiða þjónustutílskipunina að fullu, greiða fyrir fullu frelsi í þjónustuviðskiptum, koma á heildstæðu evrópsku rannsóknarsvæði fyrir árslok 2014 og að vinna að markmiðum REFIT (áætlun ESB sem miðar að því að tryggja samræmi í löggjöf og draga úr stjórnsýslukvöðum og einfalda regluverk).

Síðari fundur ráðsins var haldinn 19. og 20. desember og fékk viðurnefnið varnarmálafundurinn. Eins og viðurnefnið gefur til kynna var megináhersla fundarins á varnarmál, en það hefur ekki gerst frá því árið 2008. Leiðtogarnir studdu áætlanir um aukna getu sambandsins þegar kemur að stoðtækni s.s. notkun dróna, eldsneytistöku á flugi, gervihnattasamskiptum og netöryggi. Framkvæmdastjórnin mun héðan af gegna lykilhlutverki við þróun öryggis- og varnarsamstarfsins (CSDP) ekki síst þegar kemur að tækjum og efnum með tvíþætta notkunarmöguleika (e. dual use goods), netöryggi og orkuöryggi. Hvatt var til aukins samlegðarstarfs (e. pooling) milli aðildarríkjanna á sviði varnarmála og hefur Varnarmálastofnun ESB það hlutverk að greina með hvaða samstarf aðildarríkjanna getur verið markvissara. Einnig var ýtt undir að aðildarríkin deildu í auknum mæli, sín á milli, upplýsingum um öryggis- og varnarmál.

Myntbandalagið var til umræðu á fundinum og studdu leiðtogarnir samkomulag fjármálaráðherranna um sameiginlegt bankagjaldþrotskerfi (e. Single Resolution Mechanism). Fjallað var um samræmingu á efnahagsstefnu aðildarríkjanna en samkomulag um vöxt, störf og samkeppnishæfni var ekki samþykktur. Samkomulag þarf þó að liggja fyrir eigi síðar en í október 2014.

Leiðtogaráðið hvatti ráðið og þingið til að ná samkomulagi um bankagjaldþrotskerfið fyrir vorið. Að síðustu samþykktu leiðtogarnir notkun efnahags- og félagsvísa fyrir “European Semester Exercise 2014”, sem er fyrirkomulag fræðslu, ráðgjafar og eftirlits framkvæmdastjórnarinnar með innleiðingu efnahagsstefnu sambandsins í aðildarríkjunum, og styrkja þar með félagslegu vídd efnahags- og myntsamstarfsins.

Efst á baugi á Evrópuþinginu

Innri málefni ESB

- Í árlegri ræðu sinni til þingsins um stöðu mála innan Evrópusambandsins lagði forseti framkvæmdastjórnarinnar, José Manuel Barroso, áherslu á aukinn hagvöxt til að vinna á atvinnuleysi.
- Þingmenn gerðu skort á trú almennings á ESB að umtalsefni og töldu mikilvægt að það opnaði dyr sínar enn frekar og yki gegnsæi í vinnubrögðum sínum til að auka tiltrú borgaranna á sambandinu.
- Í júlí bauð þingheimur velkomna fyrstu þingmenn Króatíu, sem nú hefur á að skipa 12 þingmönnum.
- Emily O'Reilly var kjörin Umboðsmaður þingsins (European Ombudsman) í byrjun júlí.
- Þingið tilnefndi Malala Yousafzai, unga stúlku frá Pakistan til Shakarov verðlaunanna árið 2013, en hún hefur barist ötullega fyrir rétti stúlkna til menntunnar í heimalandi sínu.

Formennska ESB

Þingmenn ræddu störf Írlands sem formennskuríkis á fyrri helmingi ársins 2013 við forsætisráðherra Írlands Enda Kenny og forseta framkvæmdastjórnarinnar José Manuel Barroso. Þingmenn flestra flokka þökkðu Írlandi vel unnin störf, en þó bar á gagnrýni vegna árangursleysis við að vinna bug á atvinnuleysi ungmenna, lausn félagslegra vandamála og umhverfismála.

Efnahagsmál

Efnahagsmál voru í forgrunni stefnumótunarvinnu á Evrópuþinginu síðari hluta ársins. Þingið samþykkti aðild Lettlands að evrusvæðinu frá og með 1. janúar 2014. Þingmenn vöruðu þó við að Lettland þyrfti að halda áfram efnahagslegum umbótum, styrkja stjórn ríkisfjármála og minnka skuggahagkerfi landsins.

Þingið samþykkti hertar reglur gegn markaðsmisnotkun og munu nýju reglurnar taka til mun víðara sviðs en áður, m.a. til afleiðuviðskipta sem geta haft áhrif á matvæla- og orkuverð.

Samþykkt var ályktun um að auka þurfi fjármála- og efnahagsstjórn aðildarríkja ESB til að ná árangri við að auka fjárfestingar, hagvöxt og atvinnu. Þingmenn töldu að „European Semester“ fyrirkomulagið, sem væri ætlað þetta hlutverk, væri ekki að skila tilætluðum árangri.

Fjárlög ESB

Umræða um fjárlög sambandsins voru fyrirferðarmikil á þinginu á síðari hluta ársins. Þingið samþykkti fjárlög 2014-2020 eftir að hafa tryggt meginmarkmiðum sínum framgang í samningum við ráðherraráðið og framkvæmdastjórnina. Helst ber þar að nefna aukinn sveigjanleika við tilflutning ónýttra útgjaldaheimilda milli ára og verkefnasviða, auk þess að ná fram endurskoðunarákvæði sem tryggir nýju þingi og nýrri framkvæmdastjórn heimild til að hafa áhrif á fjárlagarammann sem þessar stofnanir munu starfa innan.

Landbúnaður og byggðamál

Mikið var fjallað um endurskoðun sameiginlegu landbúnaðarstefnunnar á þinginu og samþykkti þingið nýja löggjöf fyrir tímabilið 2014-2020. Þingið lagði áherslu á að greiðslur bærust beint til bænda og að tilteknir aðilar (t.d. flugvellir, golfklúbbar) yrðu útilokaðir frá því að fá greiðslur nema sýna fram á að landbúnaður sé meginuppistaða í tekjum þeirra. Þingið náði því einnig fram að framleiðslusamtökum bænda verði færð aukin tækifæri til að verjast óstöðugleika á markaði og styrkja stöðu sína gagnvart afurðastöðvum/kaupendum afurða.

Þingið samþykkti ályktun þar sem ríkisstjórn Noregs er hvött til að draga til baka nýlegar breytingar á innflutningstollum á ýmsar landbúnaðarafurðir sem ESB telur brjóta gegn anda samkomulags Noregs og ESB um verslun með landbúnaðarafurðir.

Byggðastefna ESB fyrir tímabilið 2014-2020 var talsvert rædd á þinginu. Samþykktar voru helstu gerðir varðandi framkvæmd stefnunnar, þar á meðal sameiginlegur stefnurammi fyrir alla uppbyggingarsjóðina sem ætlað er að auka samhæfingu stuðningsaðgerða, einfalda verkferla og bæta nýtingu fjármagns.

Sjávarútvegsstefna ESB

Endurskoðun sameiginlegu sjávarútvegsstefnunnar var rædd ítrekað í þinginu. Þingið samþykkti drög að úthlutunarreglum úr sjávarútvegssjóðnum sem meðal annars fela í sér stuðning til kaupa á sérhæfðum veiði- og vinnslubúnaði til að bæta úrvinnslu meðaflla. Sjóðurinn mun einnig styrkja söfnun og úrvinnslu gagna um veiðar og vinnslu, úreldingu og endurnýjun véla í skipum en þingið hafnaði endurupptöku almennra úreldingarstyrkja.

Einnig samþykkti þingið endurskoðaða sjávarútvegsstefnu, þ.á.m. aðgerðir til að hindra ofveiði og bann við brottkasti á sjó og ákvæði um sjálfbæra hámarksnýtingu.

Þingið samþykkti að banna allar veiðar þar sem vistkerfi sjávar er ógnað af einhverjum sökum og skal framkvæmdastjórnin gefa út lista yfir slík svæði. Ekki var samþykkt að leggja botnvörpuveiðar alveg af í áföngum eins lagt var til.

Mannréttindi, alþjóða- og þróunarmál

Þingheimur kaus um nágrennastefnu ESB og áréttaði að sambandið verði að halda áfram að eiga uppbyggilegt samband við nágrenna sína í suðri og austri og umbuna þeim fyrir framþróun hverju um sig. Þingið studdi undirritun samstarfssamnings við Úkraínu á leiðtogafundinum sem haldinn var í Vínús. Í aðdraganda fundarins samþykkti þingið ályktun þar sem þrýstingur Rússlands gagnvart nágrennaríkjunum ESB í austri var gagnrýndur harðlega og hvöttu til þess að sjálfsákvörðunarréttur landanna væri virtur í samræmi við alþjóðalög.

Þingmenn ræddu málefni Egyptalands í kjölfar aðgerða hersins og kröfðust þess að landsstjórninni yrði sem fyrst komið fyrir hjá lýðræðislega kjörnum stjórnvöldum. Málefni Sírlands voru einnig rædd í þaula. Notkun efnavopna var gagnrýnd harðlega, um væri að ræða stríðsglæpi og glæpi gegn mannkyninu sem verðskulduðu skýr og hörð viðbrögð og útilokuðu ekki notkun harkalegra þvingunaraðgerða.

Í umræðum um stöðu mannréttinda í heiminum árið 2012 og stefnu ESB um mannréttindi á alþjóðavettvangi voru þingmenn einhuga um að ESB bæri að tryggja að mannréttindi væru virt í öllu samstarfi ESB við ríki heims. Þingmenn vilja að ESB beiti þvingunaraðgerðum gegn öllum stjórnvöldum sem kúga borgara sína og beri að styðja við þá aðila sem berjast fyrir mannréttindum.

Njósnavarstarfsemi Bandaríkjamanna og áhrif starfsstöðva Þjóðaröryggisstofnunarinnar í aðildarríkjum ESB á einkalíf borgara sambandsins var rædd á þinginu og nefnd þingsins um borgararéttindi framkvæmdi ítarlega úttekt á eftirlitsstarfsemi Bandaríkjanna innan ESB.

Meningarmál

Sendiráð Íslands í Brussel tók þátt í samstarfsverkefni norrænna sendiráða og menningarstofnana í Brussel um kynningu á norrænni byggingarlist. Haldin var fyrirlestraröð undir yfirskriftinni *Nordic Architecture on Tour* haustið 2013, með vikulegum fyrirlestrum, í nokkrum borgum Belgíu (Ghent, Antwerpen, Liège, Leuven og Hasselt). Sóttu um 200 manns íslenska viðburðinn sem haldinn var í háskólanum í Gent þann 5. desember 2013. Þar töluðu Pétur Ármannsson arkitekt, sem sagði frá sögu íslenskrar byggingarlistar á 20. öld og Sigurður Einarsson, einn af stofnendum Batterísins Arkítekta, sem sagði frá hönnun tónlistar- og ráðstefnuhússins Hörpu. Lokaviðburðurinn, tveggja daga kynning á norrænni byggingarlist, fór fram í húsakynnum CIVA í Brussel dagana 12.-13. desember. Þar var framlag Íslands var heimildarmynd um byggingu Hörpu eftir Margræti Jónasdóttur. Belgískir samstarfsaðilar voru Archipel, Architectuurwijzer, CIVA - Centre International pour la Ville, l'Architecture et le Paysage, C-mine, M – Museum Leuven, Stad en Architectuur, Université de Liège and Vlaams Architectuurinstituut. Verkefnið fékk styrk frá Norræna menningarsjóðnum.

Íslenski tónlistamaðurinn Ásgeir Trausti Einarsson var í hópi tíu verðlaunahafa EBBA, tónlistaverðlauna ESB. Verðlaunin eru veitt tónlistamönnum sem á undanfögnu ári hafa staðið

sig vel í að mynda brú yfir landamæri með tónlistaflutningi sínum. Verðlaunin, sem eru 11 ára gömul, hafa áður verið veitt íslensku hljómsveitinni Of Monsters and Men.
http://europa.eu/rapid/press-release_IP-13-931_en.htm?locale=en

Petta helst

Endurskoðun landbúnaðarstefnu ESB

Þann 26. júní komust Evrópuþingið, framkvæmdastjórn ESB og ráðið að samkomulagi um endurskoðun sameiginlegu landbúnaðarstefnu Evrópusambandsins – CAP – eftir 20 mánaða samningaferli. Breytingatillögur framkvæmdastjórnarinnar voru lagðar fram árið 2011 en þá hafði samráðsferli staðið yfir síðan 2010. Í apríl á þessu ári hófust þríhliða viðræður Evrópuþings, framkvæmdastjórnar og ráðsins og hafa á fjórða tug óformlegra funda átt sér stað á tímabilinu til að þoka málum áfram. Þetta er í fyrsta sinn sem Evrópuþingið hefur bein áhrif á stefnu CAP eftir að Lissabonsáttmálinn tók gildi. Endurbæturnar taka gildi frá 1. janúar 2014 nema þær reglur sem snúa að nýju fyrirkomulagi beingreiðslna sem taka gildi 2015.

Þeir málaflokkar sem hafa verið fyrirferðarmestir í viðræðunum eru beingreiðslur og forsendur þeirra, samleitni í dreifingu fjármuna til aðildarríkja, dreifbýlispróun, sameiginlega markaðsskipulagið (CMO) og greiðslu- og eftirlitskerfið (IACS).

Endurskoðuð stefna miðar að því að gera hana grænni og jafna skiptingu fjármuna milli aðildarríkja en á hverju ári renna um 40 milljarðar evra til landbúnaðarstefnu ESB. Skipting fjárins breytist nú þar sem aukinn hluti fer til bænda í austurhluta Evrópu á kostnað starfsbræðra þeirra í Vestur-Evrópu. Aukin áhersla verður á að bæta umhverfið og nýta aukinn hluta jarðnæðis í álfunni til að framleiða umhverfisvænar afurðir.

Samtök evópskra bænda (Copega-Cogeca) hafa beitt þríeykið þrýstingi til að ná samkomulagi og hvatt til sveigjanleika og samstöðu. Á tímum niðurskurðar, áfalla vegna náttúruhamfara og aukinnar eftirspurnar eftir matvælum er bændum mikilvægt að endurnýjuð landbúnaðarstefna liggi fyrir sem fyrst, m.a. til að tryggja stöðugleika sem er grundvöllur samkeppnishæfni landbúnaðarins. Copa-Cogega fagnaði því að niðurstaða liggi nú fyrir og að óvissutíð bænda væri liðin.

Umhverfisverndarsinnar hafa gagnrýnt niðurstöðuna og hafa sakað ráðherra aðildarríkja, með stuðningi Evrópuþingmanna, um að draga of mikið úr hinni grænu stefnu sem var boðuð í upphaflegum tillögum framkvæmdastjórnarinnar. Mörgum þykir sem grænar áherslur sem einkenndu tillögurnar hafi orðið minni hverjum deginum. Talsmenn umhverfisverndarsinna sögðu niðurstöðuna vera hörmulegt slys og reglur varðandi umhverfismál alltof fyrirferðarlitlar og skilyrðin ekki nægilega ströng.

Helstu þættir endurnýjaðrar stefnu eru:

- aukin samleitni, sem felst m.a. í því að meðalgreiðslur á land verði jafnari en áður;
- að aðeins virkir bændur hljóti beingreiðslu;
- að ungir bændur fái sérstakar hvatagreiðslur;
- að meiri áhersla verði lög á styrki til harðbýlla svæða;
- að a.m.k. 30% af beingreiðslum tengist fyrirfram skilgreindum umhverfisvænum landbúnaði;

- að faglegar stofnanir verði eflðar;
- að sykurkvótar verði afnumdir;
- að sett verði skilyrði um neyðarbirgðir;
- aukinni áhættustjórnun;
- tvöföldun fjármagns til rannsókna;
- að hinir ýmsu sjóðir (dreifbýlisþróunarsjóður og uppbyggingarsjóðir) verði samtvinnaðir betur;
- að styrkáætlanir fyrir smábændur verði einfaldaðar;
- að upplýsingar um alla stærri styrki verði opinberir.

Eftir samkomulagið í júní, 2013, voru enn nokkur mál ófrágengin. Deilt var um hvernig hægt væri að ganga frá nokkrum lausum endum, svo sem verðþök, tilfærslu fjármuna frá 1. til 2. stoðar (beingreiðslu og deifbýlisþróunarstuðningur), að undið sé ofan af ákveðnum styrkjum og að hversu miklu leyti fjármögnunin verður úr sameiginlegum sjóðum að hversu miklu leiti hún verður greidd af hverju aðildaríki fyrir sig. Þessi mál varð að leysa í samhengi við gerð fjölára fjárlaga Evrópusambandsins frá 2014–2020. Einnig átti eftir að finna niðurstöðu í hvernig fjármögnun og fyrirkomulag breytingartímabilsins (sem er hluti af fjárlögum næsta árs) yrði háttáð.

Í september sl. náðist niðurstaða um útistandandi atriði sem varða fjölárafrárlögin. Evrópuþingið, Ráðið og Framkvæmdastjórnin komust að samkomulagi: Undið verður ofan af beingreiðslum til bænda með þeim hætti að allar greiðslu hærri en 150 þúsund evrur að frádregnum launakostnaði verða skornar niður um 5% með nokkrum undantekningum. Ríki sem hljóta í dag undir 90% af meðalgreiðslu á hektara lands munu sjá auknar beingreiðslur. Aðildaríkjum verður leyft að færa allt að 15% af því fjármagni sem er eyrnamerkt landbúnaðarbeingreiðslum yfir í byggðarþróunarsjóði. Sameiginleg fjármögnun á byggðarþróunarsjóðum verður allt frá 53% á flestum svæðum upp í 85% á jaðarsvæðum og þróunarsvæðum.

Það var svo í október að það náðist samkomulag á milli stofnanna Evrópusambandsins um fjármögnun og fyrirkomulag landbúnaðarstefnunar á næsta ári á meðan verið er að breyta frá gömlu stefnunni og þar til ný landbúnaðarstefna sambandsins hefur verið að fullu innleidd í aðildaríkjunum.

Endurskoðun sjávarútvegsstefnu ESB

Unnið hefur verið að endurskoðun sameiginlegrar sjávarútvegsstefnu Evrópusambandsins (CFP) undanfarin ár. Nú í byrjun árs lauk loks formlegu ferli endurskoðunarinnar þegar þríhliðasamkomulag náðist á milli ráðsins, Evrópuþingsins og framkvæmdastjórnarinnar um nýjan sjávarútvegssjóð ESB en áður lá fyrir samkomulag um svokallaða grunngerð sem og markaðskipulags með sjávarafurðir en saman mynda þessir þættir umgjörð sameiginlegu sjávarútvegsstefnu sambandsins.

Markmið endurskoðunarinnar er að stuðla að sjálfbærari og ábyrgari fiskveiðum ESB. Byggja skuli á bestu vísindalegu upplýsingum, markmiðum um sjálfbæra nýtingu fiskistofna og vísindaráðgjöf verði fylgt sem og að rannsóknir og upplýsingaöflun, bæði hvað varðar rannsóknir sem og veiðar, verði eflð.

Ofveiði hefur lengi viðgengist innan ESB og hefur allt of stór fiskveiðifloti verið undirliggjandi ástæða þess. Í tillögum framkvæmdastjórnarinnar var lagt til að tekið yrði upp

kerfi framseljanlegra aflaheimilda til þess að taka á þessum undirliggjandi vanda en fyrra fyrirkomulag úreldingarstyrkja hefur reynst gagnlaust. Hvorki reyndis stuðningur, við þennan hluta tillagana framkvæmdastjórnarinnar, meðal aðildríkja (ráðið), né á Evrópuþinginu.

Uppaflega var stefnt var að því að endurskoðuð stefna tæki gildi í ársbyrjun 2013, en það gekk ekki eftir og voru fyrir því ýmsar ástæður. Ein þeirra er að dráttur varð á því að tillögur framkvæmdastjórnarinnar lögju fyrir sem gerðu m.a. ráð fyrir komið yrði á brottkastbanni. Um er að ræða lykil breytingu á fyrirkomulag fiskveiðistjórnunar ESB en endanleg niðurstaða varð sú að brottkastbann verður innleitt í áföngum á næstu árum. Nú er hafinn vinna við tæknilega útfærslu endurskoðunnarinnar sem augljóslega mun ráða miklu um hvernig til tekst í raun. Sjávarútvegstjóri ESB, Maria Damanaki, lagði mjög mikla áherslu á að tillögur um brottkastbann næðu fram að ganga og benti á að ef ekki yrði lagt bann við brottkasti, sem væri ekkert annað en sóun, væri vart hægt að tala um raunverulega endurskoðun sjávarútvegsstefnunnar.

Annar mikilvægur þáttur endurskoðunnarinnar er aukin svæðastjórnun. Hún felur í sér aukna möguleika aðildarríkjanna til að hafa áhrif á fyrirkomulag og tæknilega útfærslu veiðistjórnunar, sem sé þó ávallt í samræmi við sameiginlegar reglur CFP. Þessum breytingum er ætlað að auka skilvirkni í framkvæmd, m.a. að veiðistjórnun taki aukið mið af breytilegum aðstæðum svæða, efla og bæta aðkomu og þátttöku hagsmunaaðila að stjórn veiða, og síðast en ekki síst að draga úr miðstýringu frá Brussel.

Í endurskoðaðri stefnu er jafnframt lögð áhersla á að efla eftirlit og gagnasöfnun, í þeim tilgangi að bæta veiðiráðgjöf, en víða skortir á þekkingu á ástandi og stöðu nytjastofna. Fjármunum úr sjávarútvegssjóðnum verður varið í þessi verkefni sem og til að tryggja framgang annarra breytinga sem í endurskoðuninni felast, ekki síst innleiðingu brottkastbansins.

Almennt er talið að endurskoðunin sé skref í rétta átt hvað varðar bættu fiskveiðistjórnun ESB. Mest munar þar um bann við brottkasti. Endanlegar útfærslur eru þó enn ekki komnar fram og mun reynslan ein leiða í ljós hvort framkvæmd nýrrar stefnu skilar tilætluðum árangri.

Samstarfssamningur við nágrannaríkin í austri

Evrópusambandið átti í áframhaldandi í viðræðum við nágrannaríki sín í austri um dýpra samstarf og aukið bandalag en hingað til hefur tíðkast. Um er að ræða svokallaða djúpstæða allsherjar fríverslunarsamninga (DCFTA) auk annarra sérstakra fríðinda eins og loftferðasamninga og samninga um undanþágur frá vegabréfsáritunum. Þessar áætlanir hafa verið litnar hornauga af yfirvöldum í Moskvu en um er að ræða fyrrverandi Sovéltýðveldi sem sögulega hafa tilheyrt áhrifasvæði Rússlands.

Rússland hefur myndað nýtt tollabandalag sem það kallar Evrasíusambandið og boðið sömu ríkjum mikil viðskiptafríðindi gangi það til liðs við það. Lögð hefur verið áhersla á að kjósi ríkin að ganga í tollabandalag með Rússum geti þau ekki á sama tíma skrifað undir DCFTA við ESB auk þess sem Rússar hafa beitt annarsskonar þrýstingi til að letja ríkin frá því að auka samskipti sín við ESB.

Haldinn var leiðtogafundur í Vilníus, Litháen, í lok nóvember með leiðtogum aðildaríkja ESB og leiðtogum nágrannaríkjanna í austri. Tilgangurinn með fundinum var að skrifa undir nýju samstarfssamningana en þegar á hólminn kom voru aðeins tvö ríki sem skrifuðu undir: Moldavía og Georgía. Hvíta-Rússland var með í tollabandalagi Rússlands frá upphafi; seinna bættust við Aserbajjan og Armenía. Vonir stóðu til alveg fram að seinustu stundu að Úkraína myndi skrifa undir samninginn en stjórnvöld í Úkraínu höfnuðu því að endingu. Sú ákvörðun olli miklum mótmælum í Úkraínu. Samband Úkraínu og ESB þessa daganna er í lausu lofti.

Aðild Króatíu að ESB

Þann 1. júlí 2013 gerðist Króatía formlega aðildaríki að Evrópusambandinu, tíu árum eftir að hafa sótt upphaflega um, og varð þar með 28. ríkið til að ganga í Sambandið. Fyrstu mánuðirnir sem aðildaríki gengu ekki snurðulaust fyrir sig. Strax eftir inngöngu kom upp krísa þar sem yfirvöld í Króatíu neituðu að fara eftir tímaáætlun framkvæmdastjórnarinnar um upptöku laga sem varða framsal glæpamanna sem sakaðir eru um glæpi í öðrum ESB ríkjum. Málið varðaði aðallega fáeina fyrrum háttsetta yfirmenn sem sakaðir eru um stríðsglæpi í stríðinu á Balkanskaga á tíunda áratuginum. Seinni partinn í september létu króatísk stjórnvöld loks eftir kröfum Framkvæmdastjórnarinnar eftir að hún hafði hótað að halda aftur af þróunarstyrkjum til landsins.

Jafnframt hefur tekið nokkurn tíma að laga núverandi alþjóðasamninga að nýju aðildaríki. Sviss hefur ekki vilja framlengja sjálfkrafa tvíhliða samninga sína við Evrópusambandið til Króatíu og sömuleiðis vildi Suður-Kórea ganga aftur að samningsborðinu varðandi fríverslunarsamning landsins við ESB. Þann 20. nóvember náðu EFTA ríkin samkomulagi við ESB um að bæta Króatíu við Evrópska efnahagssvæðið.

Málefni Sýrlands og Egyptalands

Ráð utanríkisráðherra aðildaríkja Evrópusambandsins kallaði til aukafundar vegna ofbeldis stjórnvalda í Egyptalandi gegn mótmælendum rétt eftir miðjan ágúst. Atburðirnir voru talsvert áfall fyrir stefnu ESB í málefnum Egyptalands en sambandið hefur reynt að stuðla að lýðræðisumbótum í landinu með því styrkja fjárhagslega núverandi stjórnvöld. Í sameiginlegri yfirlýsingu sem var gefin út eftir fundinn var ofbeldið fordæmt á skýrann hátt og lögð áhersla á að eina leiðin fyrir framtíðarvelsæld í Egyptalandi væri ef lýðræðislegir stjórnahættir væru í hávegum hafðir og án kúgunar á trúar- eða menningarlegum forsendum. Evrópusambandslönd stoppuðu í kjölfarið að einhverju leiti vopnasölu til Egyptalands.

Sannanir um að efnavopn hafi verið notuð í stríðinu í Sýrlandi í ágúst vöktu mikil viðbrögð innan Evrópusambandsins. Bandarísk, bresk og frönsk stjórnvöld reyndu að afla stuðnings innan Evrópusambandsins og hjá alþjóðasamfélaginu fyrir mögulegri hernaðaríhlutun í Sýrlandi. Málið var mikið rætt á G20 fundinum í St. Pétursborg í byrjun september þar sem Evrópusambandið og 5 Evrópuríki eiga sæti. Á sama tíma var í Vilníus haldinn óformlegur hálfársfundur utanríkismálaráðherra aðildaríkja Evrópusambandsins þar sem málið var rætt. Herman Von Rompuy, forseti ráðherraráðsins, sagði að notkun efnavopna væri glæpur gegn mannkyninu en að allar aðgerðir þyrftu að fara í gegnum feril Sameinuðu þjóðanna. Hann lagði áherslu á að það væri engin hernaðarleg lausn til á málinu. Tónninn var svipaður á óformlega fundinum í Vilníus; sterkar vísbendingar væru um notkun efnavopna og þær væru glæpur gegn mannkyninu. Flestir ráðherrarnir sögðu að það væri algerlega nauðsynlegt að málið færi í gegnum Sameinuðu þjóðirnar. Ekki mætti vænta sérstaks stuðnings frá flestum ríkjum ESB en á sama tíma leit út fyrir að hernaðaríhlutun yrði ekki fordæmd. Að endingu

lögðu rússnesk yfirvöld í samvinnu við yfirvöld í Sýrlandi til að sýrlenska stjórnin myndi láta af hendi og láta eyða öllum efnavopnum. Tillagan var tekin alvarlega af Evrópusambandinu og brugðust frönsk stjórnvöld við með því að móta ályktun sem þeir lögðu fyrir öryggisráð Sameinuðu þjóðanna og var samþykkt. Á ráðherrafundi utanríkisráðherra þann 21. október mótaði ráðherraráðið nýja yfirlýsingu um ástandið í Sýrlandi. Í yfirlýsingunni ítrekuðu þau fyrri afstöðu sína en við bættist sterk fordæming á notkun efnavopna og stuðningur við áætlun um vopnaeftirlit sem var samþykkt af Öryggisráði Sameinuðu þjóðanna.

Bankabandalag (SRM)

Þegar fjármálakreppan dundi yfir Evrópu árið 2008 voru í gildi 27 mismunandi regluverk um bankastarfsemi á svæðinu, sem voru meira og minna byggð á landsreglum og neyðarúrræðum einstakra ríkja. Vegna veikleika í þáverandi bankakerfi sem hafði afdrifarík áhrif á ríkisfjármál (skuldastöðu) einstakra aðildarríkja og vegna ósamræmdra viðbragða aðildarríkja við bankakreppunni, svo sem við endurreisn banka, ákvað ESB að setja skýran lagaramma fyrir aðildarríkin (e. single rulebook) sem einskona vegvísi fyrir bankabandalagið um samræmt og bætt bankakerfi Evrópu. Lagaramminn beinist fyrst og fremst að evruríkjunum 18 sem innihalda um 6.000 banka samtals. Það eru einkum fjögur áherslusvið sem Evrópusambandið hefur sett á oddinn í þessu samhengi:

Í fyrsta lagi sameiginlegt fjármálaeftirlit Evrópu (e. Single Supervisory Mechanism). Kerfið beinist að bankastarfsemi og eingöngu innan evruríkjanna. Evrópuþingið samþykkti lagaaðgerðir í september sem fela Seðlabanka Evrópu og evrópska bankaeftirlitinu ákveðið hlutverk í þessu samhengi. Að auki hefur Evrópusambandið sett á laggirnar stofnanakerfi sameiginlegs fjármálaeftirlits á fjármálamarkaði (ESA's) sem ætlað er að ná til alls EES svæðisins og flestra tegunda fjármálastarfsemi. Þær stofnanir eru auk bankaeftirlits Evrópu (e. European banking authority), European securities and markets authority (ESMA) og European insurance and occupational pensions authority (EIOPA). ESB og EFTA ríkin vinna nú sameiginlega að lausn fyrir EFTA ríkin við að innleiða reglur á sviði sameiginlegs fjármálaeftirlits. Í desember 2013 hafnaði framkvæmdastjórnin tillögu EFTA ríkja um lausn. Fundað verður í janúar um næstu skref.

Í öðru lagi endurskoðað innistæðutryggingakerfi (e. Deposit Guarantee Scheme). Árið 2010 lagði framkvæmdastjórn ESB fram tillögur um endurbætur á innistæðutryggingakerfinu. Meðal helstu breytinga var hækkun á upphæðum innistæðutryggina úr 20 þús. € í 100 þús. €, frestir til að greiða innistæðueigendum var stytur, dregið úr skrifræði (t.d. vegna endurgreiðslna milli landa), upplýsingaflæði um réttindi innistæðueigenda bætt og fjármögnun innistæðutryggingakerfisins endurbætt. Í árslok 2013 höfðu Evrópuþingið, framkvæmdastjórnin og Evrópuráðið náð samkomulagi um lagatexta (e. compromise agreement). Til stendur að ljúka ferlinu í þinginu fljótlega á árinu 2014. Norðmenn gerðu athugasemdir við hámarksfjárhæð innistæðutrygginga og leituðu eftir undanþágu um að innistæðutryggingakerfi Noregs myndi tryggja allt að 300 þús. €. ESB hafnaði þeirri tillögu á þeim forsendum að hún stangist á við sameiginleg viðmið og einsleitni innri markaðarins og það sé ekki í anda ESB að veita einstökum ríkjum samkeppnisforskot með slíkum undanþágum.

Í þriðja lagi tilskipun og reglugerðir um fjármögnun og eigið fé banka (e. Capital Requirements Directive CRD IV) og (e. Capital Requirements Regulation CRR). Þann 17. júlí 2013 voru lögfestar reglur um fjármögnun og eigið fé evrópskra banka, svokallaður CRD IV löggjöf sem byggist á alþjóðlegu Basel III stöðlunum. Reglurnar gera ráð fyrir að bankar

styrki fjármögnun og eiginfjárstöðu sína til þess að mæta bankakrísum. Tilskipunin (CRD IV) nær til fyrirkomulags, stofnana, starfsemi og eftirlits, en reglugerðin (CRR) nær til eiginfjárlutfalls bankastofnana, stórar áhættur, framkvæmd eftirlits o.s.frv. Settar eru strangar varúðarreglur um eiginfjárstöðu og lausafé banka (upphæðir og gæði) svo ekki þurfi að koma til fjárhagsstuðnings stjórnvalda á erfiðum tímum. Tilskipunin og reglugerðin voru lögfest af Evrópuþinginu sumarið 2013 en taka gildi innan aðildaríkja sambandsins þann 1. janúar 2014.

Í fjórða lagi sameiginlegt bankagjaldþrotskerfi (e. Single Resolution Mechanism) með innleiðingu tilskipunar um endurheimt og gjaldþrot banka og fjárfestingarstofnana (e. Directive establishing a framework for recovery and resolution of credit institutions and investment firms). Erfiðlega hefur gengið að koma á laggirnar sameiginlegu bankagjaldþrotskerfi innan Evrópusambandsins. Fyrirstaðan er fyrst og fremst í þinginu, svo leiðtoga ráðið (Council) ákvað í desember 2013 að koma á fót samevrópsku bankagjaldþrotskerfi með milliríkjasamningi (e. Intergovernmental Agreement) í stað reglugerðar, sem heldur þinginu frá ákvörðuninni, en veikir lagagrunn kerfisins. Kerfinu er ætlað að bregðast við þegar kemur að hruni fjármálastofnana og aðstoða við skilameðferð banka í Evrópu. Meðal aðgerða er að koma á fót samevrópskum sjóði (e. Single Resolution Fund) bönkum í fjárhagsvanda til bjargar. Sjóðurinn verður fjármagnaður af bönkunum sjálfum um fjárhæð sem nemur 1% af tryggðum innstæðum á næstu 10 árum. Gert er ráð fyrir að upphæð tryggðra innstæðna nemi 100 þús. € sem er í samræmi við áætlanir um innistæðutryggingar. Kerfið gengur út á að ríkissjóðum og öðrum opinberum sjóðum verði hlíft sem mest þegar kemur að bankagjaldþrotum nema þegar um kerfishrun og víðtækari efnahagslega hagsmuni er að ræða. Samkvæmt milliríkjasamkomulaginu á að flýta upptöku laganna um 2 ár þannig að þau taki gildi 1. janúar 2016. Tilskipun ESB um endurheimt og gjaldþrot banka og fjárfestingafyrirtækja er ekki EES tæk.

Fjárlög ESB 2014-2020

Samkomulag náðist um á miðju sumri milli stofnanna Evrópusambandsins um málamiðlun um fjárlög sambandsins árin 2014-2020. Samkomulagið var samþykkt af aðildaríkjunum og Evrópuþinginu rétt fyrir árslok. Fjárlögin setja tóninn fyrir stefnu ESB á komandi árum en í þeim er að finna þak á það hversu miklum fjármunum má verja í hvern málaflokk á tímabilinu.

Fjárlögin telja rétt tæplega 960 milljarða evra eða um 137 milljarða á ári. Það er talsverður niðurskurður frá seinasta tímabili (2007-2014) en nú skuldbundu aðildaríkin sig aðeins til að verja 1% af þjóðarframleiðslu til Evrópusambandsins í stað 1,12% áður. Beinar greiðslur til Evrópusambandsins fara úr 1,06% niður í 0,95%. Um 47% af fjárlögunum fara í verkefni sem eiga að stuðla að hagvexti á nútímalegan hátt með áherslu á félagslega aðlögun. Um 39% renna til verkefna sem styðja við sjálfbæran hagvöxt (t.d. nýting náttúruauðlinda). Rétt um 6% fara til verkefna sem tengjast stöðu Evrópu á alþjóðavettvangi, 6% til öryggis- og borgaramála og 6% í stjórnsýslu.

Áherslan í fjárlögunum er á verkefni sem skapa hagvöxt, og sérstaklega verkefni sem talið er að munu hækka atvinnustig ungs fólks og auðvelda litlum og meðalstórum fyrirtækjum að útvega sér fjárfestingu. Þrátt fyrir mikinn niðurskurð á mörgum sviðum vakti athygli að fjárframlag til rannsóknaráætlunar ESB, Horizon 2020, var hækkað talsvert og sömuleiðis til skiptinema og starfsnáms áætlunar ESB, Erasmus+, sem var hækkað um 40%.

Kosningabaráttan til Evrópuþingsins hafin

Evrópuþingkosningarnar sem haldnar verða næsta vor hafa sett svip sinn á stjórn málin í ESB seinni hluta ársins. Lagt er kapp við að klára ýmis mál fyrir kosningar og lagði t.d. Barroso, forseti Framkvæmdastjórnarinnar, áherslu á í stefnuræðu sinni við setningu Evrópuþingsins í september nokkra málaflokka sem mættu ekki dragast fram yfir kosningar því þá væri hætt á að það þyrfti að byrja aftur á byrjunarreit í mörgum þeirra.

Eftir kosningarnar verður jafnframt valið í nýja Framkvæmdastjórn og mun nýtt þing hafa mikil áhrif á hver mun taka við. Tekist hefur verið á um það hvort kosningabaráttan fyrir Evrópuþingskosningarnar eigi að snúast um leiðtogaval og hvort flokkahóparnir muni bjóða fram frambjóðendur undir þeim formerkjum að þeir verði útnefndi til forsetaembættis Framkvæmdastjórnarinnar fái þeir stuðning í kosningunum. Barroso hefur mælt með þessari nálgun en fulltrúar aðildarríkjanna eru ekki jafn hrifnir. Þannig hefur t.d. Herman Van Rompuy, forseti Ráðherraráðsins, og Angela Merkel, forsætisráðherra Þýskalands, sagt að slíkar persónukosningar væru ekki góð hugmynd.

Það má engu að síður sjá metnað fyrir slíku meðal þeirra sem hafa þegar gefið kost á sér til að leiða kosningabaráttu stóru flokkahópana. Úrslit kosninganna er þó ekki fyrirfram gefin og ýmislegt sem bendir til þess að valdajafnvægið á Evrópuþinginu muni koma til með að riðlast eftir kosningar. Þar hefur mest að segja mikil uppsveifla hægrisinnaðra og pópúlískra flokka í mörgum Evrópulöndum. Eins og staðan er í dag eru margir þeirra að mælast með mikið fylgi og hafa sumir þeirra nú þegar hafið þreifingar um myndun bandalags eftir kosningar.

Fríverslunarviðræður við Bandaríkin

Í febrúar síðastliðnum tilkynntu stjórnvöld í Bandaríkjunum og Evrópusambandið að ákveðið hefði verið að hefja viðræður um gerð fríverslunar- og fjárfestingarsamnings (e. Transatlantic Trade and Investment Partnership). Viðræðurnar hófust í júlí og er stefnt að því að þeim verði lokið fyrir lok árs 2014. Fríverslunarsamningurinn yrði sá stærsti í sögunni en sameiginleg hagkerfi þessara tveggja svæða nær yfir um helminginn af allri landsframleiðslu í heiminum og 30% af öllum utanríkisviðskiptum. Stefnt er að afnámi hindrana í tollamálum, þjónustuviðskiptum og fjárfestinum. Það sem gerir þessa samningsviðræður sérstakar er áherslan sem lögð er á að afnema óbeinar hindranir. Þær felast fyrst og fremst í mismæmi í regluverki og stöðlum á hvoru svæði fyrir sig.

Fríverslunarviðræður Bandaríkjanna og ESB eiga sér stað í samhengi við strauma á alþjóðavettvangi. Fríverslunarbandalag Norður Ameríku, NAFTA (sem samanstendur af Kanada, Bandaríkjunum og Mexíkó), og ríki Evrópusambandsins og EES hafa lengst af átt í góðum viðskiptatengslum án mikilla hafta. Viðræður við Kanada annars vegar (CETA) og Bandaríkin hins vegar (TTIP) eru vísir að því að vilji sé til þess að dýpka verulega tengslin á milli þessara fríverslunarsvæða. Bæði Kanada og Bandaríkin hafa svo verið í fríverslunarviðræðum við ASEAN ríki Suðaustur Asíu og haft leiðandi hlutverk í myndun hins svokallaða Kyrrahafsfríverslunarsvæðis (TPP). Þessi nýja nálgun á frjálsari heimsviðskiptum má skoða í samhengi við efnahagskreppuna á Vesturlöndum annarsvegar og styrkingu kínverska hagkerfisins hinsvegar. Bæði Evrópusambandið og Bandaríkin eiga í tvíhliða allsherjar verslunar og fjárfestingaviðræðum við Kína þessa daganna. Nánari samræming á milli þeirra gæti styrkt samningsstöðu þeirra gagnvart þriðja aðila til framtíðar. Fyrstu samningalotu var lokið í Washington þann 12. júlí síðastliðinn. 150 fulltrúar frá báðum viðsemjendum störfuðu í 24 samningshópum í heila viku. Lögð var áhersla á að ræða almennt um ferla og hvernig fríverslunarsamningurinn myndi virka í heild en beðið er með að ræða

umdeildari atriði þar til seinna í samningsferlinu. Lögð er áhersla á gagnsæi, nöfn aðalsamningamanna hafa verið tilkynnt og ESB hefur gefið út skýrslur sem greina frá samningsafstöðu þeirra í 6 af 10 málaflokkum. Samningsaðilar vonast til að geta komist að samkomulagi um afnám hafta í verslun og tollun fyrir fund Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar í desember.

Næsta lota átti að fara fram þann 7. október í Brussel en henni þurfti að fresta um rúman mánuð vegna vinnustöðvunar bandarísku alríkisstjórnarinnar. Í vikunni 11.-15. nóvember hófst svo önnur lota fríverslunarviðræðnanna. 50 bandarískir sérfræðingar úr ýmsum geirum atvinnulífsins komu til Brussel til að taka þátt í lotunni. Fundirnir fjölluðu um þjónustu, fjárfestingar, orku og hráefni, sem og vandamál vegna mismunandi regluverks. Ekki hefur enn verið fjallað um tolla.

Fríverslunarsamningur við Kanada

Evrópusambandið og Kanada hafa átt í samningaviðræðum síðan árið 2009 um myndun fríverslunarbandalagsins CETA (Comprehensive Economic and Trade Agreement). Viðskipti ESB og Kanada eru mjög umfangsmikil og báðum aðilum mikilvæg; Evrópusambandið er næst stærsti viðskiptaaðili Kanada og Kanada er 12. stærsti viðskiptaaðili Evrópusambandsins. Verðmæti vöruviðskipta námu árið 2012 62 milljarða evra, eða um 10 þúsund milljarðar íslenskra króna, en þar er meðal annars um að ræða vélbúnað, faratæki og ýmsar efnavörur. Þjónustuviðskipti á milli svæðanna er líka yfir meðallagi; þau námu árið 2011 23,5 milljarð evra og samanstöð meðal annars af viðskiptum með fjarskipti, tryggingar, ferðaþjónustu og samgöngur. Verðmæti beinna fjárfestinga Kanadískra fjárfesta í ESB námu 140 milljarðar evra árið 2011 og verðmæti fjárfestinga aðila í Evrópusambandinu námu 220 milljarða sama ár.

Viðræðunum átti að ljúka fyrir talsverðu síðan en höfðu ítrekað strandað á ágreiningi um aðgengi kanadískra bænda að evrópskum kjötmarkaði og deilur um lyfjæinkaleyfi, fjármálaþjónustu og opinber innkaup. Þann 18. október náðist svo loks samkomulag á milli samninganefndanna þó enn eigi Evrópuþingið og Ráðherraráðið formlega eftir að samþykkja það. Samningurinn felur í sér niðurfellingu á 99% af tollum á milli Kanda og ESB og tryggir markaðsaðgengi fyrir fjárfesta og þjónustufyrirtæki. Þegar samningurinn hefur tekið fullt gildi er búist er við að tvíhliða viðskipti Kanada og ESB muni aukast um 23% eða sem nemur 26 milljörðum evra og hækka þjóðarframleiðslu í aðildaríkjum ESB um 12 milljarða evra.

Framtíðarsamband örríkja og ESB

Fyrir ári síðan ákvað Framkvæmdastjórnin að rannsaka betur hvernig hægt væri að bæta samband ESB við örríkin Andorra, Mónakó og San Marínó. Í skýrslu sem kom út í haust eru útlistaðir tveir möguleikarnir sem standa til boða: Örríkin geta gengið í EES en þá þyrftu þau fyrst að verða meðlimir í EFTA. Gallarnir sem skýrslan sér við þetta er að þetta gæti flækt samráð og hægt á ákvörðunartöku og innleiðingu laga innan EFTA. Einnig myndi hanga á spýtunni að örríkin gengu inn í aðra utanríkissamninga sem EFTA hefur samið um en tengjast ekki ESB. Hinn valmöguleikinn er að ríkin geri með ESB einhverskonar samleiðarsamninga, annaðhvort einn fyrir þau öll eða sérsniðin að hverju ríki. Kosturinn við þessa leið er sveigjanleikinn sem það býður upp á.